

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

# Ársskýrsla

## 2008 til 2009

tekin saman af sviðsstjórum

Björgvin E. Björgvinsson  
Þórunn Jóna Hauksdóttir  
Ægir Sigurðsson

## *Efnisyfirlit*

1	Starfið veturinn 2008-2009.....	4
1.1	Inngangur.....	4
1.2	Tölulegar upplýsingar.....	4
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar.....	10
1.4	Viðburðir innan og utan FSu.....	13
1.5	Verkefni sviðsstjóra á skólaárinu.....	16
1.6	Breytingar og þróun.....	18
2	Svið.....	19
2.1	Svið: Almenn bóknað.....	19
2.1.1	Fornám.....	19
2.1.2	Lífsleikni.....	23
2.1.3	Náttúrufræði.....	26
2.1.4	Samfélagsgreinar.....	36
2.1.5	Starfsbraut.....	39
2.1.6	Stærðfræði.....	43
2.2	Svið: Starfsmenntir, listir og íþróttir.....	48
2.2.1	Listgreinar, hússtjórn og íþróttir.....	48
2.2.2	Starfsnað.....	57
2.2.3	Verknám.....	61
2.3	Svið: Tungumál.....	66
2.3.1	Enska.....	66
2.3.2	Íslenska.....	69
2.3.3	Erlend tungumál önnur en enska.....	77

## Skólameistari

Örlygur Karlsson

## Aðstoðarskólameistari

Pórarinn Ingólfsson

## Áfangastjóri

Ása Nanna Mikkelsen

## Námsferilsstjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

## Sviðsstjórar

Björgvin E. Björgvinsson

Pórunn Jóna Hauksdóttir

Ægir Sigurðsson

Almennt bóknám

Tungumál

Starfsmenntir, listir og íþróttir

## Kennslustjórar

Árni Blandon

Elísabet Valtýsdóttir

Erlingur Brynjólfsson

Hörður Ásgeirsson

Jón Özur Snorrason

Ólafur Bjarnason

Svanur Ingvarsson

Ægir Pétur Ellertsson

Ægir Sigurðsson

Örn Óskarsson

Listgreinar, hússtjórn og íþróttir

Erlend mál, önnur en enska

Samfélagsgreinar

Sérkennsla

Íslenska

Stærðfræði

Verknám

Enska

Starfsnám

Raungreinar

## Verkefnisstjórar/fagstjórar

Bryndís Guðjónsdóttir

Elísabet Valtýsdóttir

Gísli Skúlason

Sverrir Geir Ingibjartsson

Fornám

Danska

Lífsleikni

Íþróttir

## Fornvarnarfulltrúi

Íris Þórðardóttir

## Erlend samskipti

Lárus Ágúst Bragason

## Kennslustjóri á Litla-Hrauni

Ingi Stefán Ingason

# 1 Starfið veturinn 2008-2009

## 1.1 Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir skólaárið 2008 til 2009. Ýmsar tölulegar upplýsingar koma fram, umfjöllun um innlend og erlend samskipti og helstu verkefni sviðsstjóra eru upptalin. Raktir eru helstu atburðir og fyrirlestrar og námskeið sem haldin hafa verið með kennurum skólans. Upplýsingar um áfanga sem kenndir voru, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira eru fengnar frá kennslustjórum og einstökum kennurum. Ennfremur kemur fram reynsla kennara af ýmsum nýjungum og ýmsar ábendingar.

Á haustönn komu kennarar til starfa 19. ágúst og kennsla hófst föstudaginn 22. ágúst. Haustfrí var dagana 24. til 27. október. Síðasti kennsludagur haustannar var föstudagurinn 28. nóvember og brautskráning fór fram 19. desember. Fjöldi nemenda á haustönn var 1017 og 92 nemendur brautskráðust þar af 21 af almennri braut (AU).

Á vorönn hófst skólastarfið mánudaginn 5. janúar með kennarafundi og kennsla byrjaði fimmtudaginn 8. janúar. *Kátir dagar* voru 25. og 26. febrúar og *Flóafár* 27. febrúar. Kennslu lauk 30. apríl og útskrifað var föstudaginn 22. maí. Fjöldi nemenda á vorönn var 987 og brautskráðust alls 166 nemendur þar af 36 af almennri braut (AU).

## 1.2 Tölulegar upplýsingar

Þann 20. júní 2008 voru sendir út 1017 gíróseðlar vegna dagskóla haustannar. Greiddir gíróseðlar voru 1017. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 1017 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Í meistaraskóla innrituðu sig 32 nemendur. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 339.

Tafla 1. Aldursdreifing nýinnritaðra skólaárið 2008-9

Aldur	Fjöldi H'08	Fjöldi V'09
Yngri en 16 ára	71	17
16 ára	199	10
17 ára	27	10
Eldri en 17 ára	42	18
Samtals	339	55

Þann 11. desember 2008 voru sendir út 976 gíróseðlar vegna dagskóla vorannar. Greiddir gíróseðlar voru 987. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 987 nemanda í dagskóla í upphafi annar. Í meistaraskóla innrituðu sig 27 nemendur. Nýinnritaðir í dagskóla á vorönn voru 55.

Í töflu 2 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2008


Tafla 2. Dreifing dagskólanemenda á brautir

Brautir	Nemenda- fjöldi	Hlutfall af heild (%)	Karlar	Konur
AB	12	1,14%	9	3
AF	34	3,23%	23	11
AH	10	0,95%	3	7
AN1 (skiptinemar)	2	0,19%	2	0
AN4	77	7,32%	42	35
AU	91	8,64%	43	48
FÉ	197	18,71%	70	127
GB	33	3,13%	33	0
GBM	20	1,90%	20	0
GR	23	2,18%	23	0
HE	22	2,09%	4	18
HÚ8	27	2,56%	27	0
HÚ9	6	0,57%	6	0
ÍP	21	2,00%	9	12
ÍP1	16	1,52%	10	6
LN1	21	2,00%	1	20
MB	47	4,46%	19	28
MG	3	0,28%	2	1
NÁ	151	14,34%	80	71
ÓTN	29	2,76%	10	19
SB	11	1,04%	4	7
SB1	11	1,04%	6	5
SJ	29	2,76%	0	29
SJ-brú	7	0,66%	0	7
SÖ9	1	0,09%	0	1
VH	64	6,08%	31	33
VI	4	0,38%	2	2
VSS	8	0,76%	3	5
ÞG	6	0,57%	4	2
Grunnskólanemar	70	6,65%	38	32
<b>Samtals *</b>	<b>1.053</b>	<b>100,00%</b>	<b>524</b>	<b>529</b>

→ Ath. sumir nemendur eru skráðir á fleiri en eina braut


Á haustönn 2008 voru 32 nemendur í meistarakóla en þeir voru 24 á haustönn 2007. Á vorönn 2009 voru 27 nemendur í stað 26 vorönnina á undan.

Á mynd 1 má sjá kynjaskipta dreifingu nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2008. Konur eru fleiri en karlar á öllum stúdentsbrautum nema á náttúrufræðibraut. Skiptingin er svipuð og undanfarin ár en þó er greinilega að fjölga á viðskipta- og hagfræðibraut.



Mynd 1: Dreifing nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2008


Mynd 2 sýnir að langflestir nemendur Fjölbautaskóla Suðurlands koma frá Selfossi. Alls koma um 92% nemenda af Suðurlandi, frá Þorlákshöfn í vestri og austur í Vík og er það hlutfall nánast óbreytt síðustu ár. Aðrir nemendur koma úr öðrum landshlutum. Skiptinemar voru 3 veturinn 2008-2009 og komu frá Belgíu, Kína og Hong Kong.




Mynd 2: Búsetudreifing nemenda í dagskóla af Suðurlandi á haustönn 2008

Í mörgum áföngum er tekið tillit til mætingaeinkunnar í lokaeinkunn áfangans, t.d. í LKN106. Til að fá einkunnina 10 í skólasókn þarf nemandi að hafa mætingahlutfall 98,5-100%, en 1 fá þeir í einkunn sem eru með undir 89,5% mætingahlutfalli.

Myndir 3a og 3b sýna dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2006-7. Skólasóknareinkunnir nemenda eru svipaðar og undanfarin ár.




Mynd 3a: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2008-9 (fjöldi nemenda)




Mynd 3b: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2008-9 (hlutfall af heild)

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Myndir 4a sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2008 og 4b sýnir fjölda staðinna eininga að hausti 2008.



Mynd 4a: Fjöldi valinna eininga á haustönn 2008




Mynd 4b: Fjöldi staðinna eininga á haustönn 2008

Á haustönn 2008 luku 92 einstaklingar 0 einingum en þar af höfðu 69 hætt á önninni. 23 nemendur þreyttu próf og luku engri einingu.




Á haustönn 2008 voru 1017 nemendur í skólanum og 554 þeirra eða 54,47% féllu í einum eða fleiri áföngum. Á haustönn 2007 var hlutfallið 59,8% og á haustönn 2006 var hlutfallið 56,5%.

Mynd 5a sýnir í hversu mörgum áföngum nemendur falla. Langflestir nemendur sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum er í svipuðu hlutfalli og síðustu ár, um 22%.




Mynd 5a: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2008-9



Mynd 5b: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2008-9 (hlutfall af heildarfjölda nemenda)

Einkunnadreifing gefur vísbandingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, Bið á við biðeinkunnir þar sem nemendur hafa ekki náð stafsetningarhluta íslenskuáfanganna 102, 103 eða 202. F stendur fyrir fallið. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára.



Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2008-9 í dagskóla

### 1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Skólaárið 2008-2009 var dagskrá föstudagsfunda og fastra liða samkvæmt því sem að neðan greinir. Var innleiðing laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 fyrirferðamikill þáttur í faglegu starfi og þegar leið á skólaárið var einnig lagst yfir skólareglur.

#### Haustönn:

- 19. ágúst: Fyrsti kennarafundur annarinnar
- 22. ágúst: Nemendur mæta í skólann
- 25. ágúst: Kennsla hófst í dagsskóla samkvæmt stundaskrá
- 1. september: Kennsla hófst í meistaraskóla
- 29. ágúst: Samráð í fögum
- 5. september: Aðalfundur Starfsmannafélags FSu
- 12. september: Samráð í fögum
- 19. september: Kennarafundur
- 26. september: Fundur Kennarafélags FSu
- 3. október: Sjálfsmat
- 10. október: Aðalfundur Kennarafélags FSu
- 17. október: Kennarafundur
- 24. október: Haustfrí
- 31. október: Innleiðing nýrra framhaldsskólalaga
- 7. nóvember: Sjálfsmat
- 14. nóvember: Samráð

- 21. nóvember: Kennarafundur
- 28. nóvember: Samráð í fögum

Í upphafi annar voru skráðir 1.017 nemendur í dagsskóla og er það næstmesti fjöldi sem byrjar í FSu á haustönn.

### **Vorönn:**

- 8. janúar: Kennsla hófst í dagsskóla samkvæmt stundaskrá
- 9. janúar: Samráð í fögum
- 12. janúar: Kennsla hófst í meistaraskóla
- 16. janúar: Samráð í fögum/Tungumálahópur
- 23. janúar: Sjálfsmat
- 30. janúar: Kennarafundur
- 6. febrúar: Ingvar Sigurgeirsson: Námsmat
- 13. febrúar: Samskipti í skólastofunni
- 20. febrúar: Samráð í fögum/Tungumálahópur
- 27. febrúar: Fögum til ráðstöfunar
- 6. mars: Bragi Rúnar Axelsson frá Persónuvernd
- 13. mars: Kynning á náms- og starfsráðgjöf FSu
- 20. mars: Kennarafélagið
- 27. mars: Innleiðing nýrra framhaldsskólalaga
- 3. apríl: Samráð í fögum
- 17. apríl: Kanadamenn kynna
- 24. apríl: Kennarafundur
- 29. apríl: Starfsmannafundur
- 25. maí: Kennarafundur

Í upphafi annar voru skráðir 987 nemendur í dagsskóla og er það mesti fjöldi sem hefur byrjað í FSu á vorönn.

Sex kennarar, þar af fjórir tungumálakennarar, stunduðu nám um námsmat á meistarastigi á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Höfðu þeir reglulega samráð við aðra kollega sína í tungumálakennslu þegar samráð var í fögum. Til nánari kynningar á vönduðu námsmati hélt Ingvar Sigurgeirsson, prófessor í kennslufræði, fyrirlestur fyrir kennara.

Bragi Rúnar Axelsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, fór vítt og breitt yfir mál tengd persónuvernd og skólastarfi með starfsfólki.

### ***Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008***

Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 voru áberandi á fundum og í faglegri vinnu vetrarins var unnið að innleiðingu þeirra.

Við samþykkt laganna var gert ráð fyrir að framhaldsskólar færu að vinna eftir nýjum námsbrautarlýsingum í upphafi skólaárs 2011. Í FSu fór fram mikil vinna við skilgreiningu nýrra brauta og hvað þær skyldu innihalda. Í þessari vinnu hélt FSu áfram samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS), Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) og

Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSn) en á skólavetrinum gekk FSn úr skaftinu og nú vinna hinir skólarnir þrír að þessu verkefni saman. Skólarnir fengu styrk úr þróunarsjóði menntamálaráðuneytisins til að vinna að verkinu en ýmsar utanaðkomandi aðstæður gera það að verkum að hægt hefur á verkefninu.

Gísli Skúlason, íslenskukennari og Elísabet Valtýsdóttir, dönskukennari voru fulltrúar í starfshópum sem skilgreindu hvaða þekkingu, færni og hæfni nemendur skulu búa yfir að loknu námi í íslensku og dönsku í framhaldsskóla.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, kom í FSu í október ásamt starfsmönnum ráðuneytisins. Þar hélt hún fund með hagsmunaaðilum allra skólastiga um ný lög á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Þórunn Jóna Hauksdóttir, sviðsstjóri tungumála, fór á ráðstefnu á Akureyri sem bar yfirskriftina Ný lög – ný tækifæri. Þar var hún með málstofu og fyrirlestur sem hún kallaði Opnum skólana – nám á mörkun skólastiga.

Foreldrafélag FSu var stofnað og er fyrsti formaður þess Anna Margrét Magnúsdóttir. Aðrir með henni í stjórn eru Dagný Magnúsdóttir, Kristjana Kjartansdóttir, Elín Höskuldsdóttir og Emma Guðnadóttir.

Reglur um nám nemenda sem enn stunda nám í grunnskóla en taka jafnframt einstaka áfanga í FSu voru fullgerðar og var Ása Nanna Mikkelsen, áfangastjóri, leiðandi í þeirri vinnu. Í þeim reglum er að finna útfærslu á því að taka einstaka áfanga á önn eða heilum vetri – ýmist með því að nemendur sækja kennslustundir í FSu eða taka áfangana í fjarnámi. Einnig er í reglunum að finna skilyrði þess að útskrifaðir grunnskólanemendur komi til náms í FSu áður en 10 ára grunnskólagöngu lýkur. Byggir þessi vinna á framhaldsskólalögum og lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Í ljósi þess að samræmd próf eru aflögð með nýjum grunnskólalögum var inntökuskilyrðum á brautir breytt.

### ***Forvarnarhópur, FOV171 og Olweus gegn einelti og neikvæðri hópamyndun***

Á skólaárinu komu upp alvarleg eineltismál og ofbeldisverk í FSu sem rötuðu á síður landsblaðanna. Brugðist var við uppákomunum með ýmsum hætti, m.a. með því að skerpa á skólareglum og mætingareglum og taka upp markvissari vinnu við áætlun og innleiðingu gegn einelti.

Þann 10. febrúar var fundur stjórnenda, nemendafélags og forvarnarteymis FSu annars vegar og fjögurra félagsmála- og tólmstundafulltrúa hins vegar – að frumkvæði þeirra síðastnefndu. Tilfni fundarins var nánari samvinna um forvarnarnir.

Þann 24. febrúar var blásið var til samkomu nemenda, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks í Iðu, þar sem tekin var afstaða gegn ofbeldi. Framsögumenn voru frá FSu og lögreglunni.

Á skólaárinu vann forvarnarteymi skólans að viðbragðsáætlun gegn einelti. Inniheldur hún m.a. lýsingu á aðgerðaáætlun sem hægt er að grípa til komi upp einelti í FSu. Í teyminu eru Agnes Ósk Snorradóttir náms- og starfsráðgjafi, Íris Þórðardóttir forvarnarfulltrúi og Jón Özur Snorrason félagsmálafulltrúi.

Á vorönn var áfanganum FOV171 haldið úti en í samráði við nemendafélagið voru valdir í áfangann nemendur sem sýna breiða flóru nemenda FSu. Í áfanganum störfuðu einnig Íris

Þórðardóttir forvarnarfulltrúi, Agnes Ósk Snorradóttir, náms- og starfsráðgjafi og Ester Ýr Jónsdóttir, náttúruvísindakennari. Markmið áfangans var að draga úr neikvæðri hópamyndun innan skólans. Liður í því var tveggja daga verkefnið *Út í geim* en þá klæddust nemendur, kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk bolum með tákni síns stjörnumerkis. Ýtt var undir samheldni þessara nýju hópa með ýmsum leiðum.

Á vorönninni vann Þórunn Jóna Hauksdóttir, sviðsstjóri tungumála, þróunaráætlun þar sem Olweusaráætlun er aðlöguð framhaldsskólum, með FSu sem útgangspunkt. Áætlunin er hugsuð sem forvörn gegn einelti. Byggt er annars vegar á Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli en hún er útbreidd í grunnskólum landsins og hins vegar á niðurstöðum norskra, sænskra og íslenskra rannsókna á einelti í framhaldsskólum og forvörnum gegn því.

#### **1.4 Viðburðir innan og utan FSu**

Margt fer fram innan veggja FSu sem tilheyrir ekki hefðbundnu skólastarfi og skólastarfið teygir sig út fyrir veggja skólans. Á þessu skólaári komu áhugasamir íslenskir og erlendir gestir í heimsókn og fróðleiksfúsir nemendur fóru í námsferðir innan- og utanlands. Hér er varpað ljósi á viðburði innan og utan FSu.

#### **Forseti Íslands og Rauði kross Íslands**

Þann 2. október komu forystumenn Rauða kross Íslands ásamt forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, í heimsókn í skólann. Tílefnið var að hrinda af stað söfnun til styrktar fjölskyldum í Kongó. Söfnunin fór fram um allt land undir yfirskriftinni *Göngum til góðs*.

#### **Varasendiherra Bandaríkja Norður-Ameríku**

9. október kom varasendiherra BNA, Neil Klopfenstein, í heimsókn í skólann. Heimsóknin var hluti af hringferð á vegum sendiráðs BNA á Íslandi, í framhaldsskóla landsins til að kynna forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Varasendiherrann hitti nemendur í viðskiptaensku og félagsfræði, fræddi þá með fyrirlestri og svaraði spurningum.

#### **Ferð til Kína**

Þann 21. október fóru 16 nemendur ásamt tveimur kennurum í vikuferð til Beijing í Kína.

#### **Þjóðleikhúsið með sýningu**

Þann 29. október kom Þjóðleikhúsið í heimsókn í skólann og flutti leiksýninguna *Sá ljóti* á sal skólans. Lætur nærri að næstum helmingur dagskólanemenda hafi barið sýninguna augum.

#### **Ungmennahús í Árborg**

Þann 30. janúar kom Magnús Matthíasson, verkefnisstjóri frá Sveitarfélaginu Árborg, á kennarafund og kynnti starfsemi ungmennahússins Pakkhússins sem er samastaður ungmenna á aldrinum 16-25 ára. Fjölbreytt dagskrá hússins byggir á frumkvæði og hugmyndum ungmennanna.

### **Comeniusarverkefni kynnt**

Þann 11. mars kynnti Lárus Bragason, alþjóðafulltrúi, Comeniusarverkefnið WWW7 eða *Who are they? Who am I? Who are we?* á kynningarfundum um samstarfsmöguleika evrópskra menntaáætlana. Verkefnið fjallaði um fordóma og mismunandi menningu fólks. FSu tók þátt í verkefninu á sínum tíma en það tók yfir þrjú ár og var í samstarfi skóla í sjö Evrópuríkjum.

### **Kór FSu í útrás**

Þann 12. mars hélt kór FSu Queen tónleika í Fífundi í Kópavogi. Tónleikarnir slógu í gegn í íþróttahúsinu Iðu skólaárið 2008-2009. Af þessu tilefni var kórinn í kynningarstarfi fyrir tónleikana hjá Loga í beinni á Stöð 2 þann 6. mars. Stjórnandi kórsins er Stefán Þorleifsson.

### **Kanadískir kennaranemar kenna í FSu**

Í sex vikur á vorönn kenndu níu kanadískir kennaranemar nemendum FSu. Kennaranemarnir stunda nám í School of Education at St. Francis Xavier University í Antigonish, Nova Scotia. Þeir voru hér í fylgd kennara sinna og fyrir hópnum fór Jeff Orr, yfirmaður kennaradeildar skólans þar ytra. Þennan skóla heimsóttu einmitt stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk FSu er þeir dvöldu í ferð til Nova Scotia í Kanada vorið 2008, þegar Suðurlandskjálftinn reið yfir heima fyrir. Guðfinna Gunnarsdóttir enskukennari sá um heimsóknina í samstarfi við alþjóðafulltrúa skólans, Lárus Bragason.

### **Ferð til Spánar**

Þann 20. apríl fóru fjórir nemendur ásamt náttúruvísindakennurunum Ólafi Einarssyni og Erni Óskarssyni til Gijon á Spáni. Ferðin var lokahnykkur á þriggja ára Comeniusarverkefni sem hét „Global Warming, I can make a difference“.

### **Örleikritahátíð ÍSL 643**

Að kvöldi daganna 21.-22. apríl var örleikritahátíð í FSu. Var þar sýndur afrakstur nemenda í bókmenntaáfanganum ÍSL 643. Nemendurnir sýndu fjórtán frumsamin leikrit með aðstoð leikfélags FSu. Kennari áfangans var Jón Özur Snorrason.

### **Framboðsfundur vegna alþingiskosninga**

Þann 22. apríl var haldinn framboðsfundur fyrir alþingiskosningar 2009. Framsögur fluttu framboðendur sex flokka og hreyfinga af þeim sjö sem bjóða fram til alþingis í Suðurkjördæmi. Er áætlað að nálægt 300 áhugasamir kjósendur úr hópi nemenda hafi sótt fundinn.

### **Ráðstefna um Pál Lýðsson**

Þann 2. maí héldu Fræðslunet Suðurlands og FSu ráðstefnu um Pál Lýðsson heitinn, bónda í Litlu-Sandvík. Var þar stiklað á stóru í máli og myndum um fjölbreytt ævistarf Páls fyrir fullum sal af fólki. Meðal framsögumanna var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson.

## ***Sætir sigrar***

### **Sigur í forritunarkeppni framhaldsskólanna**

Þann 21. mars unnu Jónatan Óskar Nilsson og Sigurður Fannar Vilhelmsson úr FSu ásamt Gabríel A. Péturssynir úr Fjölbrautaskóla Snæfellinga Alfa-deild í forritunarkeppni framhaldsskólanna. Alfa-deildin er deild þeirra bestu í forritun. Kennari piltanna var Ragnar Geir Brynjólfsson.

### **Íslandsmeistaratitill í hóp fimleikum**

Þann 21.-22. febrúar var Íslandsmeistaramót Fimleikasambands Íslands í hóp fimleikum og var keppt eftir alþjóðlegum reglum. Í flokki 13-18 ára sigruðu stúlkur í fimleikadeild Ungmennafélags Selfoss en lungi þeirra stúlkna er í fimleikaakademíu FSu.

### **Silfur í stuttmyndakeppni starfsbrauta**

Þann 2. apríl fór fram keppni í stuttmyndagerð starfsbrauta framhaldsskólanna. Nemendur starfsbrautar FSu lenti í öðru sæti með myndina *Upp með hendur, niður með fætur*.

### **Sigur á framhaldsskólamóti í hestaíþróttum**

Þann 11. apríl vann lið FSu stigakeppni framhaldsskólamótsins í hestaíþróttum. Liðið var skipað Raket Nathalie og Heklu Katharínu Kristinsdætrum, Arnari Bjarka Sigurðssyni, Bergrúnu Ingólfsdóttur og Bjarna Sveinssyni.

### **Silfur í söngkeppni**

Þann 18. apríl varð Daníel Haukur Arnarson í 3. sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna.

### **Verðlaun í Þýskupraut**

Þann 23. apríl tók Jóhann Knútur Karlsson á móti verðlaunum í Þýskupraut – landskeppni framhaldsskólanema í þýsku í bústað þýska sendiherrans í Reykjavík. Veitt voru verðlaun fyrir 20 sæti og varð Jóhann Knútur í 16. sæti.

### **Verðlaun til frumkvöðlahóps**

Þann 24. apríl vann frumkvöðlahópurinn Þor JA til verðlauna á uppskeruhátíð Fyrirtækjasmíðjunnar. Fékk hópurinn verðlaun fyrir nýsköpun og frumlegheit í hugmyndum hópsins. Álfheiður Eiríksdóttir var kennari nemendanna.

## ***Krumtur kreppunnar***

Ísland hefur ekki farið varhluta af hruni á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í vetur. Boðaðar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum snerta stofnanir ríkisins og þar með framhaldsskólana.

Kennarasamband Íslands fór í fundaherferð og hélt fundi með kennurum um allt land undir yfirskriftinni *Kreppan og kennarinn*. Einn þessara funda var haldinn í FSu 22. janúar. Var þar farið yfir hlutverk stéttarfélaganna í því ástandi sem nú ríkir, áhrif kreppunnar á kjaramál, kjarasamninga og réttindi kennara. Einnig var farið yfir upplýsingar um efnahagsástandið, orsakir og afleiðingar sem og horfurnar framundan fyrir kennara og menntakerfið.

Huga þarf að áhrifum kreppunnar á aðra meðlimi lærdómssamfélagsins, ekki síst nemendur. Sem lið í þessu sóttu náms- og starfsráðgjafar skólans, Agnes Ósk Snorradóttir, Anna Fríða Bjarnadóttir og Álfhildur Eiríksdóttir námskeið á vegum Landlæknisembættisins sem hét *Efnahagsástandið – sálrænn stuðningur*.

Þá bauð menntamálaráðuneytið upp á samstarf um sparnaðaraðgerðir í framhaldsskólunum. Fyrirtækið Capacent-Gallup sá um verkefnið fyrir hönd ráðuneytisins en það nefndist *Frá hugmynd til fjárhagslegs ávinnings*. Verkefnið gekk út á að virkja kennara og annað starfsfólk til að leggja fram hugmyndir að leiðum til sparnaðar og tekjuöflunar og síðan unnu aðilar frá framhaldsskólunum saman úr hugmyndunum.

FSu bauð einnig upp á menntunarúrræði á vorönn fyrir atvinnulausa í samstarfi við stéttarfélög, Landsmennt, Svæðisvinnumiðlun Suðurlands og Fræðslunet Suðurlands.

## 1.5 Verkefni sviðsstjóra á skólaárinu

Sviðsstjórar funduðu einu sinni í viku á „áttufundi“; með skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og námsferilsstjóra og einu sinni í viku með aðstoðarskólameistara vegna sjálfsmats. Að auki hittust sviðsstjórar einu sinni í viku á vorönn til að sinna öðrum verkefnum sem fylgja þeirra starfi. Á haustönn vildi svo illa til að sviðsstjórar gátu ekki hist allir saman á vikulegum fundum og hittust því tvisvar í viku tveir og tveir saman til að sinna öðrum verkefnum sem stafinu fylgja. Að auki voru tveir fundir „áttumeðlima“ með kennslu- og fagstjórum.

Í vetur voru umræður meðal sviðsstjóra um störf þeirra og starfslýsingu og mögulega þörf á breytingum.

### Endurskoðun og viðhald skólanámskrár

Í starfslýsingu sviðsstjóra er að endurskoða og viðhalda skólanámskrá. Í samræmi við þetta lögðu sviðsstjórar fram tillögur um hönnun, útlit og uppsetningu nýrrar heimasíðu. Sviðsstjórar fagna nýju heimasíðunni, enda í samræmi við athugasemdir þeirra skólaárið á undan um að gerbreyta þyrfti síðunni.

Skólanámskrá FSu birtist á vef skólans og hafa sviðsstjórar sinnt því að uppfæra hana sem og sjá um að allar undirsíður séu uppfærðar og að upplýsingar á heimasíður séu réttar. Hefur þetta verkefni verið tímafrekast í upphafi hveðrar annar þar sem kallað er eftir kennsluáætlunum í öllum áföngum og þeim komið á heimasíðu skólans. Það er mikil bót frá því sem áður var að fá kennsluáætlanir nú eingöngu rafrænt. Skil á kennsluáætlunum eru mestan part í mjög góðu lagi en stundum er verið að kalla eftir einstökum kennsluáætlunum langt fram eftir önn.

### Úrræði fyrir nemendur sem hafa fallið ítrekað í áfanga

Í starfslýsingu sviðsstjóra er að vinna í samráði við náms- og starfsráðgjafa og kennslustjóra að úrræðum fyrir nemendur sem hafa fallið ítrekað í áfanga. Í vetur kom það í hlut sviðsstjóra að gera lista yfir þessa nemendur og setja hann í hendur náms- og starfsráðgjafa. Eftir það var málið alveg úr höndum sviðsstjóra og vinnan við úrræðin á annarra könnu. Sviðsstjórar velta fyrir sér hlutverki sínu í úrræðavinnu og hvort þetta atriði í starfslýsingu þeirra sé virkt og virt.



## **Skýrslugerð og úrbótalisti**

Í starfslýsingu sviðsstjóra er að hafa umsjón með skýrslugerð um skólaárið í lok hvers skólaárs. Við skýrslugerðina hafa sviðsstjórar haldið til haga hvers kyns tillögum að breytingum og úrbótum í skólastarfi og lærdómssamfélaginu yfirleitt. Þeir hafa frumkvæði að því að farið sé yfir úrbótalistan á „áttufundi“ í upphafi hvers skólaárs og að unnið sé úr tillögum kennslu- og fagstjóra sem birtast í skýrslum þeirra. Niðurstöður senda þeir síðan til viðkomandi kennslu- eða fagstjóra.

## **Skipurit FSu**

Á líðandi skólavetri var skipurit FSu unnið og samþykkt, sviðsstjórar komu að þeirri vinnu en henni stjórnaði Þórarinn Ingólfsson, aðstoðarskólameistari. Byggir skipuritið á skipulagi og starfslýsingu. Einnig voru starfslýsingar sviðsstjóra, kennslustjóra og fagstjóra endurskoðaðar.

## **Sjálfsmat**

Allir sviðsstjórar eru jafnframt í stýrihóp um sjálfsmat og er vinna þeirra í hópnum skilgreind sem hundradshluti af starfshlutfalli sviðsstjóra þótt ekki sé þess getið í starfslýsingu þeirra. Mikið var að gera við sjálfsmatið en í vetur var byrjað á nýjum hring í sjálfsmati á skólanámskránni samkvæmt gæðagreinakerfinu. Einnig var endurtekin könnun á mötuneytismálum starfsfólks. Þriðja árið í röð var gerð könnun á viðhorfi og líðan grunnskólanemenda sem koma í fullt nám í FSu um áramót. Í samræmi við niðurstöðu könnunar sem gerð var að frumkvæði sviðsstjóra í lok skólaárs 2007-2008, voru námskeið í tölvunotkun í upphafi líðandi skólaárs.

Þá var gerð könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK) og þeirri hugmynd velt upp að skipta könnuninni á þrjár annir og að skiptingin tæki mið af sviðum, í framhaldi væri hægt að taka þá kennara sem lentu í könnuninni í starfsmannaviðtöl.

Umsjónarmaður sjálfsmats er Þórarinn Ingólfsson, aðstoðarskólameistari.

## **Stærðfræðikeppni grunnskólanna**

Í samræmi við starfslýsingu sviðsstjóra höfðu Björgvin E. Björgvinsson, sviðsstjóri og Ólafur Bjarnason, kennslustjóri stærðfræði veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd stærðfræðikeppni grunnskólanna sem fram fór 17. mars í FSu. Um 60 nemendur í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla á Suðurlandi kepptu sín á milli.

## **Valáfangar á almennum brautum**

Skólaárið 2007-2008 veltu sviðsstjórar því fyrir sér hvort ekki væri hægt að auka val nemenda sem væru á almennum brautum svo þeir hefðu úr meiru að móða. Á fundi með kennslu- og fagstjórum kallaði Ása Nanna Mikkelsen, áfangastjóri eftir viðbrögðum frá fundarmönnum. Viðbrögð voru jákvæð og hefur val áfanga á almennum brautum verið aukið.

## **Innleiðing nýrra laga: Innihald náms**

Sviðsstjórar hafa látið í ljósi nauðsyn þess að kennarar FSu komi að gerð nýrra námsbrauta og innihaldi þeirra í samræmi við IV. kafla framhaldsskólalaga nr. 92/2008. Þeir fagna því þeirri vinnu sem fram fór innan skólans í þessa veru á skólaárinu. Þeir lýsa þeirri skoðun sinni að

fleiri frá FSu komi að samstarfi sem er við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi í þeirri vinnu sem þar er unnin vegna þessa ákvæðis framhaldsskólalaga. Sviðsstjórar sjá fyrir sér að þeir geti komið að þessari vinnu út frá sviðum sínum og í samræmi við yfirskrift starfslýsingar þeirra sem er að vinna í nánú samstarfi við yfirstjórn annars vegar og kennslu- og fagstjóra hins vegar.

### **Áhersluatriði vetrar og sérstök verkefni**

Í starfslýsingu sviðsstjóra kemur fram að þeir ákveða og skipuleggja áhersluatriði hvers vetrar í samráði við yfirstjórn og kennslustjóra. Sviðsstjórar vilja gjarna að samband milli þeirra og kennslu- og fagstjóra sé virkara og hafa áhuga á að bæta úr því í samráði við hlutaðeigandi.

Þá sakna þeir þess að skipuleggja tvö ár fram í tímann þemavinnu þar sem kennarar kafa dýpra í faglega þætti. Telja þeir að það fyrirkomulag hafi skapað samfellu, festu og átt þátt í að koma til móts við faglegar þarfir kennara þvert á svið og faggreinar. Þetta skólaárið voru föstudagsfundir og vinnufundir í upphafi og lok annar, þétt setnir. Lögbundin verkefni röðuðu sér þétt á dagskrána og tóku mestan part þess tíma sem farið getur í faglegt starf. Það er mat sviðsstjóra að hallað hefur á faglega þáttinn og vilja þeir ýta undir og vinna að framþróun í fögunum sem undir þá heyra. Þeir sjá fyrir sér að það sé t.d. hægt í kringum vinnu vegna framhaldsskólalaga nr. 92/2008 með sérverkefnum ýmiss konar.

Þá kom upp sú hugmynd að kennarar og stjórnendur í framhaldsnámi deildu vitneskju sinni og reynslu með öðrum kennurum. Sem dæmi var nefnt að kennarar sem stunduðu nám í námsmati á vorönn á Menntavísindasviði HÍ fengju svigrúm til að breiða markvisst út „fagnaðarerindið“ með „kennslu“ meðal kollega sinna á haustönn næsta skólaárs.

## **1.6 Breytingar og þróun**

### ***Nýtt fólk í skólanefnd***

Í lok árs 2008 létu fjórir af fimm skólanefndarmönnum af störfum. Í upphafi árs 2009 tók ný skólanefnd við og sá eini sem hélt áfram störfum var kosinn formaður; var það Ari Thorarensen. Aðrir í stjórn eru Eydís Þ. Indriðadóttir, Eyþór H. Ólafsson, Jón Hjartarson og Sveinn Pálsson.

### ***Ný heimasíða***

Í upphafi árs 2009 var ný heimasíða FSu tekin í notkun og byggir vefurinn á opnu joomla-kerfi. Hitann og þungann af vinnunni við nýju heimasíðuna báru Helgi Hermannsson, aðstoðarkerfisstjóri, Kristín Runólfsdóttir, þjónustustjóri tölvumála og Ragnar Geir Brynjólfsson, kerfisstjóri.

### ***Þróunarstyrkir***

FSu fékk styrki frá menntamálaráðuneytinu skólaárið 2008-2009 til fjögurra verkefna. Fyrst skal nefna þróun námsbrauta í samvinnu við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Í öðru lagi til þróunar námsbrautar í hestamennsku, í þriðja lagi vegna samskipta við framhaldsskóla í Kína og að lokum til þróunar smiðjunáms.

## 2 Svið

### 2.1 Svið: Almennt bóknám

#### 2.1.1 Fornám

Skýrsla fornámsdeildar 2008-2009

Skólaárið 2008-2009 kenndu 8 kennarar í fornámi við skólann: Aðalheiður Jónasdóttir (AJ), Bryndís Guðjónsdóttir (BG), Brynja Ingadóttir (BI), Eyvindur Bjarnason (EB), Guðfinna Gunnarsdóttir (GG), Ragnhildur Sigfúsdóttir (RES), Úlfur Björnsson (ÚB) og Ægir Sigursson (ÆS). Umsjónarkennarar deildarinnar eru Bryndís Guðjónsdóttir, Brynja Ingadóttir og Eyvindur Bjarnason.

Kennsluskiptingin er sýnd í eftirfarandi töflum:

Haustönn 2008

Áfangar	Tímar	BG	BI	EB	GG	RES	ÚB			
AÐSF912	4	2				2				
STÆ936	12			6			6			
DANF936	6		6							
ENSF936	6				6					
ÍSLF936	12	6								
SJÁF912	4	2				2				

Vorönn 2009

Áfangar	Tímar	AJ	BG	EB	GG	RES	ÆS					
AÐSF12	4		2			2						
STÆU936*	12			6			6					
DANU936*	6	6										
ENSU936*	6				6							
ÍSLU936*	12		6									

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

ÍSL U93: Aðaláhersla var á málfræði, lestur og ritun að venju. Helstu nýjungar voru hópavinna nemenda, nemendur kynntu íslenska tónlistamenn og sögu hljómsveita og verk þeirra. Nemendur unnu veggspjöld og gerðu munnlega grein fyrir vinnu sinni. Á vorönn útbjó kennari nokkra vefleiðangra fyrir nemendur þar sem markmiðið var að nemendur kynntu sér ákveðin efni og nálguðust viðfangsefnið út frá mismunandi sjónarhornum t.d. var unnið með ákveðinn stað og nemendur skoðuðu ljóð, sögur, myndlist, skáld, listamenn og fleira sem tengdist staðnum. /Bryndís

Stæ: Ég tók við einum hóp í stærðfræði af Úlfi um áramót. Það gekk ágætlega, 13 voru í hópnum í byrjun en 9 tóku lokapróf og náðu þeir allir. /Ægir S

Enska: Nemendur fengu kennslu á vorönn frá kanadískum kennaranema, Nicole Cox. Nicole kom með ferska vinda inn í kennslustofuna og náði vel til nemenda með fjölbreyttum aðferðum. Ein aðferð sem ég tók eftir að virkaði vel, var að hún tók einn og einn nemenda út úr kennslustofunni í spjall á meðan hinir unnu - þetta kom mjög vel út og tjáðu nemendur sig mun frjálsgar í slíku samhengi en þeir myndu annars gera inni í hópnum. Þetta mætti nýta á fleiri sviðum en í tungumálanámi. Lítið var um heimanám, en þessi nemendahópur hefur lítið þanþol fyrir slíkt og má hafa sig allan við að halda takti innan kennslustofunnar, hvað þá að nemendur megni að vinna heima. 80 mínútna kennslustundir eru því mjög hentugar fyrir þennan hóp nemenda, þar sem næði gefst til að vinna. /Guðfinna

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í ÍSL U936\* 50% próf og 50% símat.

Í dönsku - vinna á önn reiknast 40% og lokapróf 60%.

Í ensku var námsmat með hefðbundnu sniði, nemendur fengu annareinkunn upp á 50% um jól og tóku 50% próf, en nú í vor var skiptingin 40/60.

Í stærðfræði var 60% lokapróf og 40% símat.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ekkert námskeið þetta skólaárið hjá Aðalheiði, Bryndísi og Ægi Sig.

Ragnhildur fór á Baujunámskeið. 10 kennslustunda námskeið í tilfinningakennslu og sjálfstyrkingu. Þar fékk hún kynningu á þeim hugmyndum og því efni sem Guðbjörg Thoroddsen hefur þróað í gegnum tíðina.: „Þar kom ýmislegt gagnlegt fram og margt gott sem ég gat nýtt mér í sjáinu svokallaða. Hins vegar fannst mér það efni sem hún kynnti frekar eiga við í markvissri vinnu annað hvort með einum nemanda í einu eða mjög fáum, alls ekki fleiri en fimm nemendum.“ /RES

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

ÍSL U93: Hér var Skólavefurinn notaður þó nokkuð, m.a. nýir hlutar hans sem ekki hafa verið brúkaðir áður. /Bryndís

Danska: Velja þurfti nýtt kennsluefni þar sem nemendur höfðu verið með margt sem kennt er í U93 á haustönn. Valin var sú leið að ljósrita texta úr danska blaðinu Overblik sem bókasafnið kaupir. Einnig var notuð skáldsagan Odysseus og valdir kaflar úr kennslubókinni På Udebane. /Aðalheiður

Enska: Ný kennslubók var tekin í notkun í haust Total English - lesbók og vinnubók - sem kemur vel út og mæli ég með að hún verði notuð áfram. /Guðfinna

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ísl: Engar stórvægilegar breytingar fyrirhugaðar í íslensku en æskilegt væri að nýta Angel betur en verið hefur þannig að nemendur læri að komast inn á kerfið og jafnvel skila verkefnum og taka próf þar. Einnig væri gott að nota einkunnabókina meira en hingað til svo nemendur geti betur fylgst með gengi sínu ekki síst í símatsáföngum. / Bryndís

Stæ: Tillögur fyrir næsta skólaár: Best er ef hægt er að hafa sama kennarann fyrir og eftir áramót, þetta er í raun einn áfangi yfir allt skólaárið og ekki er heppilegt að skipta um kennara á miðjum tímanum. / Ægir Sig

Frá Brynju sem er umsjónarkennari: Það væri gott hafa á þriggja vikna fresti á önninni fund með umsjónarnemendum sínum, einum í senn, til að veita þeim meira aðhald og hvatningu og fylgjast þannig betur með námi þeirra. Þá mætti einnig hafa meira leiðbeinandi námsmat í öllum greinum hjá þeim, fræðin segja að slíkt gefist best nemendum sem erfitt eiga með nám/ Brynja

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Ísl: Í fornámi eru nemendur með slæma skólareynslu og hafa litla trú á námi og skóla. Því tel ég að vanda þurfi sérstaklega val á kennurum sem kenna í fornámi og í undirbúningsdeildum. Þar er gifurlegt brottfall og slæmur árangur. Því tel ég að þegar fólk er ráðið til starfa þá þurfi að leita eftir fólki sem er tilbúið að gefa af sér og leggja metnað sinn í að kenna og sinna þessum hópi sem er slakastur. /Bryndís

Enska: Fornámið gekk vel hvað mína nemendur varðar. Hinsvegar má alltaf bæta ýmislegt og breyta. 4 pólskættaðir nemendur voru í hópnum mínum og áttu þeir margir hverjir mjög erfitt með að fóta sig í náminu vegna erfiðleika í íslenskufærni. Forsendur þessara nemenda til að læra tungumál eru ekki miklar þegar þeir eiga í basli með íslensku og tel ég mikilvægara að þau fái meiri kennslu í íslensku í stað þess að vera sett í tungumálanám, það ætti að koma síðar. Það þyrfti að hugsa fyrir úrræðum fyrir nemendur af erlendum uppruna, einhverskonar aukagrunni í íslensku og aðstoð á móðurmáli í öllum námsgreinum áður en þeim er hent út í djúpu laugina. Margir þessara nemenda eiga ekki neinum erfiðleikum með nám- þeir hafa bara ekki forsendur til þess að nota námstækni sína þegar tungumálið þvælist fyrir og sum hver eiga alls ekki heima í fornámi. /Guðfinna

Annað

Sjálfsstyrking SJÁ F91 – tveir hópar á haustönn, gekk þokkalega. Nemendur voru misvirkir en þeir sem stunduðu sitt nám gerðu það með sóma. Allnokkrir sáust afar sjaldan – misvísandi skilaboð ef reglum um mætingu er ekki fylgt eftir. Ég tel mikið unnið ef þau læra strax að hér dugir ekkert annað en að mæta vel. Verst þótti mér þó að átta mig á miðri önn á því að minnsta kosti tveir nemendur skildu ekki orð af því sem ég sagði og vissu hvorki í þennan heim né annan hvað varðaði verkefnavinnu og verkefnaskil. Þeir nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku og eru ekki komnir langt í íslenskunámi sínu eiga ekki erindi inn í þessa hópa að mínu mati. Það er ekki mjög sjálfsstyrkjandi fyrir þá. /Ragnhildur

Aðstoð AÐS F91 – einn hópur á vorönn. Færri en fleiri sem nýta sér þessa tíma eins og lagt er upp með. Það getur verið að það sé nógu sterkur grundvöllur til að halda þessu úti, þ.e. að tímarnir gagnist þessum fáu. Mér finnst þau ekki kunna að meta þetta – og of mikill tími fer í röfl, getur verið að ég kunni ekki réttu tæknina, veit það ekki. Það var helst að þau nýttu þetta þegar komið var að verkefnaskilum. Spurning um frjálsa mætingu, veit það ekki?/Ragnhildur

Enska: Ég tel mikilvægt að fornámið haldi áfram að vera það góða verkfæri til að koma nemendum af stað inn í hefðbundið nám eins og það hefur verið - það má ekki verða geymslustaður fyrir erfiða nemendur - Þó svo að hópurinn stækki, þá má ekki gleyma því að hópastærð í áfanga má alls ekki fara yfir 12 manns - annars eru forsendur til einstaklingsmiðaðrar kennslu algerlega brostnar og ekki hægt að sinna nemendum sem skyldi. Um

leið og hópurinn er orðinn of stór, þá skapast hættu á að nemendur tynist og að vandamálum þeirra sé ekki sinnt sem skyldi - eða brugðist er við of seint. Teymið sem vinnur með þennan hóp þarf að fá tækifæri til að hittast reglulega og ræða málin og taka púlsinn. Einnig er mikilvægt að þeir sem að kenna þessum hópi séu líka umsjónarkennarar þeirra ef það er mögulegt. Við eigum á að skipa frábæru fagfólki innan skólans sem getur veitt aðstoð - en ef boðleiðirnar ganga ekki sem skyldi, þá gerist lítið. Fornámið er vettvangur fyrir nemendur sem hafa mjög lágt sjálfsmat sem námsmenn til að byrja á núllpunkti og vinna sig upp - byrja með hreinan skjöld. Tækifæri sem þau fá ekki víða annarsstaðar og mikilvægt að því sé haldið á lofti. /Guðfinna

*Frá fornámsstjóra:*

Er ekki einmitt núna tími til að hugsa um það hverjir fara í fornám næsta haust? Nú þegar að samræmdu prófin eru aflögð velti maður fyrir sér hvaða áhrif það hefur fyrir fornámsdeildirnar í framhaldsskólunum. Nú er spurning hvernig valið verður í fornámdeild þegar nemendur koma upp í framhaldsskólann. Við vitum að í grunnskólanum er einstaklingsmiðað nám og því geta einkunnir verið gefnar út frá framförum einstakling óháð heildinni. Þannig að einkunnir gefa ekki fullnægjandi heildarmynd af stöðu nemandans. Því er óljóst hvar nemandinn raðast miða við allan nemendahópinn. Því er nauðsynlegt að fornámsstjóri komi að röðun nemenda í deildir við innritun í skólann til að hann sé meðvitaður um nemendahópinn sem býður hans að hausti.

Hvað gerum við fyrir nýkomna nemendur frá öðrum löndum? Nemendur af erlendum uppruna hafa á undan förnum árum komið inn í fornám. Þeir ná ekki samræmdum prófum með lágmarks einkunn og koma því inn í deildina. Oft eru þetta krakkar sem eru duglegir námsmenn en hafa ekki þá íslenskukunnáttu sem þarf til að stunda nám með sama hætti og hinir. Þau eiga enga samleið með þeim krökkum sem eru að glíma við almenna námserfiðleika og annað slíkt. Erlendu krakkarnir þurfa sérstök og annars háttar úrræði sem yfirvöld verða að sinna ef ekki á illa að fara. Þetta er atriði sem ég veit að verið er að skoða en brynna úrlausna er þörf fyrir þessa krakka sem fyrst.

Mikilvægt að skólar vinni saman. Ég tel nauðsynlegt að unnið verði að því af miklu afli að mynda „brú“ milli skólastiga þannig að upplýsingar um stöðu nemenda færast á milli skóla og skólastiga. Þannig að hægt verði að koma til móts við þarfir nemenda frá upphafi á nýjum stað en að ekki að þurfi að „finna upp hjólið“ með ærnum tilkostnaði og erfiðleikum fyrir barnið (nemandann). Sú „mýta“ um að nemendur komi með hreint blað á nýjan stað er oftast frestun á vanda með miklum kostnaði fyrir skóla, samfélagið og einstaklinginn. Taka fyrir mig -Bryndís

Selfossi, 12. maí 2009.

---

*Bryndís Guðjónsdóttir*

## 2.1.2 Lífsleikni

Skýrsla skólaárið 2008-2009

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Björgvin E. Björgvinsson	LKN106	10	10
Bryndís Guðjónsdóttir	LKN106	10	10
Gísli Skúlason	LKN106	10	10
Hrefna Clausen	LKN106	10	10
Jón Özur Snorrason	LKN106	10	10
Kjartan Ólason	LKN103		6
	LKN106	10	
Rósa Marta Guðnadóttir	LKN106	10	
Vera Valgarðsdóttir	LKN106	10	10

## LKN 106

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Alltaf er leitað nýrra leiða að markmiðum áfangans. Á þessari önn urðu engar byltingarkenndar breytingar í skipulagi eða aðferðum þó ýmsar smærri nýjungar mætti tína til.
- Málfundir voru meira notaðir en áður og gáfust nokkuð vel. Samt er alltaf vandi að virkja fleiri einstaklinga sem vilja „fljóta með hinum“. Hins vegar mælast þessi verkefni yfirleitt vel fyrir hjá nemendum og ástæða til að taka mark á því.
- Hjá BG og VV var einstaklingsmiðaðra nám og kennsla á vorönn vegna þess hve hópurinn var slakur. T.d. var námsþátturinn „Þetta er ég“ - sjálfsmynd, áhugasvið og fjölskyldan saman í pakka, möppur sem margar urðu mjög flottar. Mætti hugsanlega taka slíkar möppur upp í áfanganum framvegis. Hópvinnu var í þessum hóp í starfskynningum og færri atriði en ella í stóra verkefninu.
- Umhverfis- og neytendafræðsla var tekin upp á vorönn og gafst nokkuð vel. Þennan námsþátt þarf að vinna áfram, ekki síst að leita frekari upplýsinga sem nýta má í verkefnum og vakningu. Markmiðið er að vekja til umhugsunar og aðgerða í eigin lífi, í eigin þágu og umhverfisins. Búa þarf til lífligan pakka með góðum dæmum til að vekja áhuga nemendanna á þessu lífsnauðsynlega efni.
- Gísli og Kjartan nýttu videótökur á haustönn meira en áður hefur verið gert. Fyrst tóku flestir nemendur upp eigin fréttastofur, síðan þátt í landkynningu og loks allnokkrir skemmtiatriði sín í

samkomunni í lok annar. Þetta gafst vel enda margir nemendur með öflugar tölvur sem innihalda ágætt klippiforrit og alltaf einhverjir sem kunna á græjurnar og geta hjálpað hinum. Þessu aðferð snýst ekki bara um tæknikunnáttu heldur verða verkefni gjarnan líflægri en ella í flutningi og innihaldið kemst betur til skila.

- Allmargir gestir komu til okkar á skólaárinu; læknanemar í Ástráði með kynfræðslu, Ragnheiður Davíðsdóttir forvarnafulltrúi VÍS, Íris forvarnafulltrúi FSu, fólk frá Rauða krossinum að ræða afleiðingar jarðskjálfta og leikhópur frá Þjóðleikhúsinu sem sýndi leikritið „Sá ljóti“.
- Angel nýtist sífellt betur í lífsleikni. Nú eru kennarar farnir að nýta einkunnabókina til fulls og sjá því nemendur einkunnir sínar jafnóðum á vísunum stað.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

- Símat er í áfanganum eins og undarfarin 19 ár. Brottfall var nokkurt, þó mismikið eftir hópum, og fall einnig, einkum hjá fólki sem fæst ekki til að sinna náminu. Þá er fátt til bjargar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Gísli sótti málstofuna „Lífsleikni í nútíð og framtíð“ í Verslunarskólanum.
- Gísli og Hrefna sóttu aðalfund Félags lífsleiknikennara í maí 2009 í Kennarahúsinu. Þar var meðal annars flutt fróðlegt erindi um hamingjuna sem vel mætti nýta til innblásturs við kennslu.
- Gísli situr áfram í stjórn lífsleiknikennara í framhaldsskólum og sækir þar fundi reglulega.
- Auk þessa hafa kennarar sótt námskeið sem ekki tengjast beint lífsleiknikennslu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Í grunninn það sama og verið hefur. Það hefur verið meðvituð stefna að nota ekki eiginlegar kennslubækur í áfanganum og við það er staðið. Á angel er heimasmiðað efni um námstækni sem nýtist áfram. Bókasafnið er nokkuð notað en netið er aðalvísibrunnur áfangans ásamt heilaspuna kennara og nemenda.
- Í tengslum við námsþátt um umhverfis- og neytendamál nýttust ýmis gögn frá alþjóðastofnunum. Þurfa kennara að halda áfram leit að nothæfum upplýsingum fyrir þann námsþátt.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Auka þarf tilbreytingu í áfanganum, einkum um miðbik annar, t.d. með fjölbreyttari verkefnum og vinnu utan veggja skólastofunnar.
- Einnig væri æskilegt að gera hópvinnu markvissari þannig að hún lærist og nýtist betur í námi og starfi nemendanna eftir LKN.
- Leggja mætti meiri áherslu á upplýsingaleit og skimunarlestur.
- Tvíanna námstæknina betur inn í námið svo aðferðir séu nýttar í raun.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Blöndun mistókst í einum hóp á vorönn (BG/VV), hafði slæm áhrif á hópinn og vinnu í honum. Það má ekki gerast aftur.
- Aðstaðan fyrir lífsleikni er orðin nokkuð góð í og við stofu 201. Enn eru þó rafmagnsmálin í klúðri þar sem aðeins eru tenglar á gluggavegg stofunnar. Því eru oft miklar víraflækjur á gólfinu og oft hefur legið nærri að kennara spörkuðu tölvum úr höndum nemenda sinna þegar þeir fyrrnefndu eru að ganga á milli barnanna og flækja ófima fætur í snúrunum.



- Enn vantar líka snilldarútbúnað til að hengja upp plaköt í og við stofuna; eitthvað einfalt, snyrtilegt og hræódýrt. Hvernig væri að efna til hugmyndasamkeppni innan skólans og selja svo patentin dýrum dómum til umheimsins?

Annað

Menningarferðirnar tókust vel að vanda og hristu hópinn saman. Er slæmt ef leggja þarf þessar ferðir af um sinn vegna fjárskorts.

Nú er tuttugasta ári lífsleikni í FSu (SAM og LKN) að ljúka. Það er trú okkar kennaranna að það skipulag lífsleikninnar sem skólinn hefur valið sér og staðið vörð um hafi skilað miklum árangri og haft drjúg áhrif á skólastarfið í heild til hins betra. Er það von okkar að áfram verði haldið á þeirri metnaðarfullu braut að hafa LKN106 sem nokkurs konar kjölfestu í námi nýnema við skólann.



Selfossi 20. maí 2009

Gísli Skúlason

### 2.1.3 Náttúrufræði

#### Skýrsla kennslustjóra í náttúrufræðigreinum fyrir skólaárið 2008-2009

Kennslustjóri: Örn Óskarsson

#### 1. Kennarar og náttúrufræðiáfangar sem kenndir voru + stundafjöldi, skólaárið 2008-2009.

1. tafla. Kennarar, áfangar og kennslumagn (kennslustundir).

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn 2008	Vorönn 2009
Ester Ýr Jónsdóttir	Efn 203	6	6
	Efn 303	6	
	Efn 313		6
	Líf 203		6
	Líf 243	4	
	Nát 103	6	
	Nát 123	6	6
Íris Þórðardóttir	Lol 103	6	
	Lol 203		6
Jón G. Hafsteinsson	Efn 103	8	14
	Nát 123	6	6
	Nær 103		6
Ólafur Einarsson	Nát 103	12	12

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn 2008	Vorönn 2009
	Líf 103	12	12
Úlfur Björnsson	Jar 113	6	
Þorsteinn Bergmann	Eðl 102	4	
	Eðl 103	6	6
	Eðl 203	6	6
	Eðl 303	4	
	Eðl 403		4
Örn Óskarsson	Jar 103	6	6
	Jar 213		6
	Nát 113	6	12
	Líf 243	4	
	Hbf 103	12	
Arnheiður B. Smáradóttir	Nát 113	6	
Samtals		132	120

Í næstu liðum eru svör frá einstökum kennurum.

## 2. Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu. Dreifnám/Fjarnám/ANGEL. Fjöldi áfanga, nemenda og hvernig til tókst.

Ester Ýr.

Í Efn 203 voru teknar upp námsmöppur á vorönn auk þess sem heimatilraun og munnlegar skýrslur voru prófaðar.

Í Efn 313 á vorönn voru munnlegar skýrslur prófaðar auk jafningjamats.

Líf 243 var endurvakinn eftir nokkurt hlé, hann var kenndur sem símatsáfangi.

Nát 103 var kenndur sem símatsáfangi í fyrsta sinn á haustönn 2008. Ég bjó til matseyðublað til að meta færni nemenda við verklegar æfingar.

Í efnafræði 203, 303 og 313 voru búin til heilmörg ný heimadæmi sem nemendur skiluðu til yfirferðar.

Í öllum áföngum á vorönn 2009 tók ég umræðuhring með nemendum á miðri önn þar sem farið var yfir áfangann með þeim, hvað er gott við hann og hvað má bæta.

Íris.

Lolið var kennt í tveim hópum, einum 9 manna og einum 23 manna, fór ég yfir hvern kafla fyrir sig og lét þau fara yfir spurningar í hverjum kafla, lita myndir til glöggvunar og svo að leika líffæri, líffærakerfi eða lífeðlisfræði inn í sal. Það sem ég gerði nýtt var að ég setti glósumar mínar allar inn í Angel og setti þar inn aukaglósur og lagði fram skemmtilega tengla inn á hina ýmsu Anatomiu-vefi.

Mér fannst takast vel til, en áhugi nemanda ekki eins mikil og oft hefur verið.

Jón Grétar.

Áfanginn Nær 103 var kenndur í fyrsta sinn af þessum kennara.

Ólafur.

Í LÍF103 var vægi vinnueinkunnar aukið og var það 60% og lokapróf 40%. Verkefnavinna var aukin samhliða breytingu á vægi. NÁT103 var lokapróflaus áfangi þennan vetur, sem var nýtt fyrirkomulag. „Angeleinkunnabók“ var nýtt báðar annir í báðum áföngnum.

Þátttaka í Global Warming – I can make a difference, Comeniusar verkefni, nemendur í NÁT103 unnu verkefni í tengslum við hnattræna hlýnun. Annað með hefðbundnu sniði.

Þorsteinn.

Á skólaárinu hefur ANGEL kerfið verið stór þáttur hvað varðar kennslu á eðlisfræði. Á haustönn ákvað ég að taka upp nýja kennslubók í eðlisfræði frá og með vorönn 2009. Bókin spannar flesta áfanga í eðlisfræði sem kenndir eru við FSu. Undantekningin er eðlisfræði 102 sem er ætluð fyrir verknámsáfangana. Með bókinni fékk ég mikið af kennsluefni svo sem alls kyns glærur fyrir fyrirlestra og myndir til að fara dýpra í efnið. Einnig fylgdi bókinni stór dæmabanki á tölvutæku formi.

Á haustönninni fór mikill tími í vinnu við að setja dæmabankann inn í ANGEL kerfið. Tilgangurinn með því að setja bankann inn í ANGEL var að geta látið nemendur í eðlisfræði reglulega gera verkefni í gegnum ANGEL. Til dæmis einu sinni í viku. Þannig var ætlunin að fylgjast með framvindu náms og vinnu nemenda á kerfisbundinn hátt alla önnina. Dæmabankinn var settur inn í ANGEL kerfið og var tilbúinn til notkunar í byrjun vorannar.

Reynslan af þessu hefur verið mjög góð. Þegar búið er að setja bankann inn í ANGEL kerfið er einfalt að setja nemendum fyrir ný verkefni sem tengjast efni á hverjum tíma. Þegar nemendur síðan hafa lokið við að gera verkefnið fá þeir niðurstöður strax. ANGEL kerfið færir síðan sjálfkrafa niðurstöður inn í einkunnabók nemandans. Einnig er hægt að stilla verkefnunum þannig upp að nemendur verða að ná ákveðnum lágmarks árangri til að fá verkefnin metin.

Það er margt sem vinnst við að láta nemendur skila verkefnum í gegnum ANGEL kerfið reglulega. Nokkur atriði:

1. Nemandinn vinnur verkefnin á **eigin tíma**. Kennslustundin sjálf nýtist miklu betur.
2. Hægt er á einfaldan hátt fylgjast með framvindu náms hjá nemandanum á önninni.
3. Hægt er að láta ANGEL kerfið senda sjálfkrafa út tölvupóst til nemenda til að minna þá á að gera verkefni þegar skilafrestur er að renna út.
4. Ekki er lengur þörf fyrir kafla- og framvindupróf í tímum í sama mæli og áður. Slík próf eru tímafrek fyrir nemendur og kennara.
5. ANGEL kerfið gefur líka mikla möguleika til að sinna nemendum betur sem af einhverjum ástæðum velja að mæta ekki í kennslustundir.

Örn.

Helstu nýjungarnar hjá mér voru þær að á haustönn 2008 kenndum við Ester Ýr áfangann Líf 243 saman og ég var með alla áfanga sem ég kenndi sem símatsáfanga, bæði á haustönn og vorönn.

### 3. Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Ester Ýr.

Áfangi	Haust 2008	Vor 2009	Athugasemdir
Efn 203	Símat	Símat	Símatið kom mjög vel út.
Efn 303	Símat	-	Þetta kom allt saman mjög vel út
Efn 313	-	Símat	Símatið kom mjög vel út.
Fov 171		Símat S/F	Áfanginn kom vel út. S/F: ekki var gefin einkunn heldur staðið/fallið
Líf 203		Símat	Símatið kom mjög vel út.
Nát 123	Símat	Símat	Símatið kom nokkuð vel út.

Nemendur eru alla jafna mjög ánægðir með símatsáfangana hjá mér. Ég hef gert áfangakönnun báðar annirnar sem hafa leitt það í ljós. Að auki sýnir GNOK mikla ánægju nemenda þar sem ég er vel yfir meðaltali í öllum liðum. Meira/jafnara álag fylgir símatsáfanga bæði á kennara og nemendur.

Íris.

Setti fram nýtt próf, öðruvísi uppbyggt- símat á önn var í formi mætingar, virkni, svörun spurninga eftir kafla og litun á myndum frá kennara.

Einnig virkni í sal þegar verið var að setja upp og skilja hin ýmsu efni.

Lokapróf var svo 70% - af 30 nemendum féllu 7. (þrír eftir að taka sjúkrapróf)

Með hærra falli sem hefur verið hjá mér. Má rekja til ýmissa þátta, þar kemur líka mæting sterk inn þ.e.a.s. mætingarleysi

Jón Grétar.

Nát 123: Símat

Efn 103: Lokapróf 70%. Annareinkunn byggð á 2 stöðuprófum, 5 skýrslum tilrauna og 2 verkefnum.

Nær 103: Lokapróf 60%. Annareinkunn byggð á 3 stöðuprófum og 4 verkefnum.

Ólafur.

Áfangakönnun var gerð í NÁT103 og LÍF103 báðar annir.

Í stað lokaprófs voru þrjú áfangapróf tekin í NÁT103. Þeir nemendur í NÁT103 sem ekki hafa íslensku að móðurmáli fengu að taka sér próf þar sem farið var munnlega yfir hverja spurningu og hún þýdd yfir á ensku ef viðkomandi nemandi kaus það. Það skilar líklega betri árangri þegar heildina er litið en að nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli taki venjulegt skriflegt próf með öðrum nemendum. Þetta kostar að vísu töluverða aukavinnu.

Þorsteinn.

Á þessu skólaári hefur námsmat í eðlisfræðiáföngum verið blanda af símati (45%) og lokaprófi (55%). ANGEL kerfið býður upp á marga möguleika þegar kemur að því að sýna nemendum hvernig þeir eru að standa sig í námi. Ég hef valið þá leið að láta nemendur hafa aðgang að einkunnabókinni í ANGEL þannig að þeir sjá nokkurn veginn hvernig uppsafnaður árangur þeirra er á hverjum tíma.

Undanfarnar annir hef ég minnkað jafnt og þétt vægi lokaprófs. ANGEL kerfið gefur einnig mikla möguleika til að auka vægi símats og er ætlun mín að minnka vægi lokaprófs enn frekar.

Örn.

Áfangarnir; Hbf 103, Nát 113, Jar 103, Jar 213 og Líf 243 voru allir kenndir sem símatsáfangar á haustönn og vorönn. Það kom vel út og nemendur voru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Í sparnaðarskyni voru flestar námsferðir í Líf, Nát og Jar-áföngum felldar niður. Engar ferðir voru á vorönn. Það leiddi til þess að verkefnum og skýrslum fækkaði frá fyrri árum. Þetta gerði kennsluna fábreyttari frá því sem áður var.

#### 4. Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ester Ýr.

*Að vanda til námsmats*, M.Ed. námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Frábært námskeið sem við sem höfum setið náum vonandi að kynna fyrir öðrum kennurum skólans

*Málþing um náttúrufræðimenntun*, í KHÍ. Sótti þar tvö stutt námskeið.

Íris.

Hef ekki sótt neitt námskeið á þessum vetri – enda ekkert í boði. En farið í háskólann á fyrirlestur, hjá Svövu Engilbertsdóttir næringarfræðingi, um bækling frá Lýðheilsustöð um mataræði.

Fyrirlestur um narkólepsíu hjá Sigríði Dóru Héðinsdóttur.

Og svo var ég tvo daga í desember á fjölda fyrirlestra á Hótel Örk fyrir hjúkrunarfræðinga á Suðurlandi á vegum hjúkrunardeildarinnar.

Þorsteinn.

Ég er meðlimur í samtökum eðlisfræðikennara í norður Ameríku (AAPT). Í júlí 2009 sótti ég ráðstefnu AAPT í Edmonton í Kanada. Þar fór ég á marga fyrirlestra um eðlisfræði og kennslu í eðlisfræði. Einnig sótt ég nokkur námskeið um verklega kennslu í eðlisfræði.

#### 5. Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ester Ýr.

Ný útgáfa kom út af kennslubókinni, Chemistry – The Central Science, sem notuð er í Efn 203 og 303.

Íris.

Nei, notað Regínu Stefnisdóttur, enda eina bókin á íslensku.

Þorsteinn.

Eins og áður hefur komið fram tók ég í notkun nýja kennslubók á árinu: **Physics: Principles with Applications, Douglas C. Giancoli.**

Þótt bókinn sé á ensku hefur notkun hennar gengið mjög vel. Efnið er sett fram á skýran hátt og myndir og lýsingar góðar. Nemendur hafa ekki kvartað við mig né lent í vandræðum vegna tungumálsins. Reyndar er allt efnið sem tengist bókinni og notkun hennar á ensku. Öll dæmin í dæmabankanum eru til dæmis á ensku og einnig allar glærur sem ég nota í áfanganum. Ekki eitt einasta orð af efninu sem ég fékk með bókinni hefur verið þýtt á íslensku. Nemendur fá hins vegar alltaf þýðingar á öllum orðum jafnóðum og þau eru notuð í kennslunni.

Að nota enskt efni í eðlisfræðikennslu kemur að mínu mati mjög vel út og hef ég ekki fyrirhugað að gera neinar breytingar varðandi þetta atriði á næstu önn.

## 6. Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ólafur.

Auka mætti vettvangsvinnu í NAT103 ef fjárhagur leyfir.

Þorsteinn.

Varðandi næsta skólaár er ég með tillögu að nokkrum nýjum áföngum:

1. Flugeðlisfræði
2. Flugveðurfræði
3. Flugstærðfræði

Til að geta sótt um að taka þátt í atvinnuflugmannsnámskeiði hjá Flugskóla Íslands þarf umsækjandi að hafa lokið 15 einingum í stærðfræði og 6 einingum í eðlisfræði. Hafi þeir ekki tilskyldar einingar þurfa þeir að standast inntökupróf. Mín hugmynd er að búa til áfanga í eðlisfræði sem er sérsniðin að eðlisfræði flugsins.

Varðandi flugveðurfræðina má nefna að veðurfræði er kennd við FSu og heitir **JAR213**. Þannig að skrefið að kenna veðurfræði sem er sérsniðin að flugi er ekki stórt.

## 7. Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Ester Ýr.

Stinkskápur í efnafræðistofu virkar ekki nógu vel. Vöntun er á betra útsogi.

Borðplötur í efnafræðistofu þar sem verklegar æfingar fara fram eru ónýtar, þær eru mjög góð gróðrarstía fyrir örverur.

Reykingar í skoti við efnafræðistofu er algerlega óásættanlegar, eru nemendum og kennurum til mikils ama. Mikill tími og orka fer af minni hálfu í að reka „líðið“ í burtu sem ég veit ekki hvað heitir í flestum tilfellum og því er ekki hægt að ná almennilega í rassgatið á þeim.



Ólafur.

Fjölga víðsjám ef fjárhagur leyfir. Vantar ljós fyrir tvær af nýju víðsjánum.

Þorsteinn.

### Skert kennsla

Það er mjög nauðsynlegt að afnema fyrirbrigðið sem kallað er **skert kennsla** í eðlisfræði. Á þeim tíma þegar kennslustund var 60 mínútur var kennt fjórum sinnum í viku. Þá þýddi skert kennsla að skorinn var niður einn tími af fjórum. Sem er 25% skerðing. Eftir að kennslustundin var lengd í 80 mínútur þýðir skert kennsla að kennsla er skorin niður um þriðjung. Sem er ekki ásættanlegt. Tíminn sem eftir er nægir engan veginn til að gera efninu í áföngunum **EÐL303** og **EÐL403** þau skil sem ætlast er til samkvæmt námsskrá. Á þessu verður að finna lausn.

### Viðhald á eðlisfræðistofu

Skjálvarpinn í eðlisfræðistofunni er mikið notaður. Það er þess vegna mjög aðkallandi að fá góðar gardínur í stofuna svo hægt sé að myrkva salinn á einfaldan hátt. Gardínurnar sem eru í salnum núna eru gamlar og slitnar og kominn tími á að skipta þeim út.

Örn.

Sammála Ester, Ólafi og Þorsteini.

Að auki má nefna að vonlaust er að sýna kyrrmyndir og hreyfimyndir (videó) í flestum kennslustofum skólans öðrum en þeim fáu sem hægt er að myrkva. Ég nota hverskyns myndefni mikið í Líf, Nát og Jar áföngum, sérstaklega eftir að vettvangsferðir voru lagðar niður í sparnaðarskyni. Líffræðistofan (stofa 104) og salurinn eru til fyrirmyndar.

Skólayfirvöld ættu að forðast að setja slíka áfanga í ómyrkvunarhæfar stofur eða bæta myrkvun í öðrum stofum.

### 8. Annað

Þorsteinn.

Að auka notkun ANGEL kerfisins hjá FSu er mjög brýnt. Ekki aðeins vegna þess að notkun kerfisins sparar mikla vinnu fyrir kennara heldur felur aukin notkun kerfisins líka í sér aukin **gæði kennslu** og miklu betri nýtingu á tíma kennara og nemenda.

Þó sú staðreynd liggja fyrir að notkun ANGEL kerfisins fylgi margir kostir er mikil tregða hjá kennurum FSu að nota kerfið. Sennilegasta skýringin á þessari tregðu er sú að til að öðlast nauðsynlega lágmarks færni í notkun á kerfinu þurfa notendur að komast yfir ákveðinn þröskuld. Það er fyrst eftir að búið er að koma notendum yfir þennan þröskuld að þeir eru færir um að uppgötva möguleika kerfisins í starfi sínu sem kennarar. Og til að komast yfir hann þurfa þeir hjálp.

Það má líkja þessu vandamáli við að kennarar sitji fyrir framan stjórnborð sem hlaðið er tökkum og pinnum. Stjórnborðið er flókið og fer allur tími þeirra í að finna út til hvers allir þessir takkar og pinnar eru og hvernig þeir virka. Þeim fallast

einfaldlega hendur og komast þar af leiðandi aldrei á það stig að nota kerfið eins og til er ætlast.

Það er sem sagt (að mínu mati) alls ekki nóg að hittast einn til tvo tíma í upphafi annar og ætlast til að „kerfið takist í notkun“ af sjálfu sér. Það þarf greinilega meira til. Ég legg þess vegna til gripið verði til markvissra aðgerða til að auka notkun ANGEL kerfisins hjá FSu:

1. Sett verður af stað áttak um að gera notkun ANGEL kerfisins „almenna“ hjá FSu. Gjarnan með því að skilgreina átakið sem verkefni sem tekur tvær annir (haust 2009 og vor 2010) með **sérstöðum verkefnisstjóra** sem ber ábyrgð á verkefninu yfir báðar annirnar.
2. Það er nauðsynlegt að byrja á því að sannfæra kennara hjá FSu um kosti þess að nota kennsluumsjónarkerfi. Og þar skiptir miklu máli að meðal annars eftirfarandi komi skýrt fram í kynningu á verkefninu í upphafi haustannar:
  - Kostir þess að setja verkefni inn í ANGEL kerfið. Efni sem einu sinni er komið inn í kerfið er hægt að nota aftur og aftur.
  - Efni úr öðrum áföngum og frá öðrum kennurum er síðan auðvelt að samnýta.
  - Sýna fram á hvernig rétt notkun einkunnabókar sparar mikla vinnu.
  - Sýna hvernig hægt er á að fylgjast með þróun og framvindu náms hjá nemendum á einfaldan hátt.
  - Sýna fram á að notkun kennsluumsjónarkerfa er stöðugt að aukast í heiminum og kerfin eru í sífelldri þróun. Og er ekkert lát þar á. Þau eru greinilega það sem koma skal.
  - Sýna fram á hvernig útgefendur kennsluefnis leggja sífellt meira og meira upp úr því að þróa og bjóða alls kyns aukaefni sem er ætlað til notkunar í kennsluumsjónarkerfum.
  - O.s.frv.
3. Í haust verði haldin námskeið í notkun ANGEL kerfisins. Hér á ég við 4 til 5 tíma námskeið í minni hópum undir stjórn kennara (við FSu) sem eru með góða færni í að nota ANGEL.
4. Sett verði fram skýr markmið með námskeiðunum og ætlast til að allir sem sækja námskeiðin geti gert að lágmarki:
  - Sett upp áfanga í kerfinu.
  - Sett upp einkunnabók.

- Sett upp verkefni og tengt við einkunnabók.
  - Sett upp vinnslur til að koma skilaboðum til sinna nemanda.
5. Skipulögð verði eftirfylgni og þjónusta við ANGEL notendur alla önnina á ábyrgð hópstjóra.
  6. Á önninni verða síðan haldnir nokkrir almennir ANGEL fundir og er kjörið að nota nokkra föstudagsfundartíma til þess.
  7. Kjörorð átaksins eiga að vera **vinnusparnaður og gæði**.

Næsta skref í þróuninni varðandi notkun á ANGEL kerfinu hjá FSu kemur síðan þegar notkun kerfisins er orðin „almenn“. Þá er komið að þeim punkti að **samnýta kennsluefni** og að deildir komi sér upp sameiginlegum verkefnabönkum. Öll vinna sem tengist slíkri vinnu á því stigi er þá byggð á **þekkingu notenda á kerfinu og möguleikum þess**.

Þetta eru nokkrar af mínum hugmyndum um hvernig hægt er að **auka gæði** í kennslu hjá FSu. Þær snúast einfaldlega um að nýta betur þá tækni sem skólinn er þegar búinn að fjárfesta í. Ekkert í þessum tillögum inniheldur neitt sem felur í sér auka kostnað fyrir skólann.

Ég veit að það hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að auka notkun kerfisins á undanförmum árum. En árangur fæst ekki með því að „byrja“ á verkefni. Árangur næst með því að byrja á því og fylgja því síðan kerfisbundið eftir.

Hjá FSu er allar forsendur fyrir hendi til að skólinn geti verið í fararbroddi varðandi notkun og beitingu upplýsingatækni við kennslu. Það sem vantar er viljinn til að komast þangað.

Skýrslan er byggð á upplýsingum frá Ester Ýr Jónsdóttur, Írisi Þórðardóttur, Jóni Grétari Hafsteinssyni, Ólafi Einarssyni, Þorsteini Bergmann og Erni Óskarssyni. Aðrir skiluðu ekki inn upplýsingum þrátt fyrir ítrekanir.

## 2.1.4 Samfélagsgreinar

### Skýrsla kennslustjóra fyrir skólaárið 2008-2009

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Árni Blandon	Sál203	6	12
	Sál213	12	
	Sál303		6
	Hsp103		6
Inibjörg Ó. Sigurðardóttir	Sál 103		
	Upp 103		
Þórunn Elva Bjarkadóttir	Fél103		6
	Fél203		6
	Fél303		6
	Fjö203		6
Hlín Rafnsdóttir	Fél103	12	
	Fél313	12	
Lárus Bragason	Fjö103	6	
	Fél103		6
Helgi Hermannsson	Fél203	6	6
	Fél403		6
Erlingur Brynjólfsson	SAG103	12	12
	SAG362	12	
	SAG303	6	12
	SAG313	6	
Lárus Ág. Bragason	SAG103	12	12
	SAG202	12	12

## **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Í heimspeki var bætt við þremur köflum úr bók Vilhjálms Árnasonar um siðfræði. Einnig var þar sýnd kvikmyndin Réttarhöldin eftir Orson Welles sem byggir á sögu eftir Franz Kafka.

Í Fél: Áfangarnir voru kenndir með svipuðu sniðu og síðustu annir. Helst bar við að félagsfræði 303 var nú fyrst kennd á vorönn í stað haustannar og var umfjöllunin óneitanlega og eðlilega samtvinnuð við íslenskan raunveruleika m.t.t. stjórn mála, kosningarnar voru þar fyrirferðarmiklar og settu svip sinn á umræður annarinnar.

Í Sag voru áfangar kenndir með svipuðu sniði og vanalega en einhverjar breytingar voru á verkefnavinnu.

## **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Símat gefst vel í Sál og Fél. Haldið áfram að þróa símat í öllum áföngum deildarinnar. Hlutapróf og verkefnaskil. Stigin fyrstu skrefin í leiðsagnarmati í Fél403 sem mun verða þróað áfram í öðrum áföngum. Í Sag var próf í 103 og 203, en símat í öðrum sem gafst misjafnlega og unnið er að endurskoðun á aðferðum í þeim áföngum. Sömu aðferðir hafa verið notaðar í nokkur ár og eru orðnar þreyttar, auk þess sem erfiðleikar eru við að halda úti símati á námi nemenda sem eru eldri en 20 ára sökum mikilla vanskila. Þá eru nemendur með opin vottorð svokölluð sama marki brenndir og því þarf stundum að grípa til þess að leggja próf fyrir þá nemendur.

## **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Í Sál og Hei skiptir miklu máli að fylgjast vel með í fréttum og taka dæmi úr daglega lífinu í kennslunni. Kennari fékk BBC verðlaunin hjá nemendum enda af mörgu að taka á þeim frábæra fréttamiðli. Kennarar í Sag sóttu ekki námskeið, en Erlingur tók þátt í ráðstefnu við Háskólann á Akureyri í maí 2009 um rannsóknir í félagsvísindum, þar sem kynntar voru ýmsar nýlegar rannsóknir, svo sem á bankahruninu. Auk þess flutti hann erindi um drykkjusiði Íslendinga. Helgi Hermannsson fór á námskeið vorið 2008 í Eistlandi á vegum Félags Félagsfræðikennara um þróun Eystrasaltsríkjanna eftir aðskilnaðinn við Sovét. Helgi var einnig í áfanganum „Að vanda til námsmats“ í HÍ sem Ingvar Sigurgeirsson kenndi.

## **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Proskasálfræði eftir Aldísi Guðmundsdóttur (2007) tekin upp sem kennslubók í Sál-203. Öll bókin kennd, en í flestum skólum þar sem þessi bók er kennd er einum til tveimur köflum sleppt. Í Fjö 203 er kennari áfram að þróa kennslugögn þar sem engin kennslubók er til í því fagi. Engin ný kennslugögn voru notuð í Sag.

## **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Boðið upp á nýjan framhaldsáfanga á haustönn um sálgreiningu Freuds og Jungs. Ekki reyndist nægur áhugi hjá nemendum til að hann fengi lifað. Í Sag er ætlunin að endurskoða matsaðferðir í efri

áföngum og taka afstöðu til nýrra framhaldsskólalaga og hvaða áhrif þau hafa á viðmið námsmats og áherslur.

### Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

„Gott væri að fá myrkvunartjöld í félagsgreinastofuna, stofu 210. Þar eru ágæt tæki og hátalarar, en nýtingin er ekki góð vegna mikillar birtu bæði á hausti og vori.“ Orðin hér að framan voru í síðustu skýrslu og verður ekki betur að orði komist í þessari. Draumur félagsfræðikennara við FSu er að hafa kennslustofu eingöngu fyrir félagsfræði svo hægt sé að framkalla aðlaðandi félagsfræðilegt andrúmsloft með bókum, myndum og líkönum, svo eitthvað sé nefnt.

Ekki er mælst til úrbóta í Sag en ástæða er til að skólayfirvöld aðgæti erfiðleika nemenda eldri en 20 ára og handhafa opinna vottorða við að uppfylla skilyrði símats. Nokkur tilhneiging virðist vera meðal þess hóps að líta á sig sem einhvers konar forréttindahóp gagnvart verkefnavinnu og skilum.

Kætist Kalli gegt  
komið svona öppdeit áann  
ekki amalegt  
einkastofu að fá að kennann

*Helgi Hermannsson*

*Þrátt fyrir tilmæli tókst ekki að fá upplýsingar frá nokkrum kennaranna í tæka tíð.*

*Selfossi 11.6.2009*

*Erlingur Brynjólfsson*

## 2.1.5 Starfsbraut

### Kennarar deildarinnar, stundafjöldi

Sautjándi starfsári starfsbrautar lýkur nú á þessu vori. Kennt var í fimm hópum og voru nemendur 27 talsins í upphafi skólaárs en auk þess var einn nemandi í almennu námi sem tengdist brautinni, hann sótti stuðningstíma hjá kennurum starfsbrautar.

Sérkennarar bóklegra greina á starfsbraut voru þau Anna Þóra Einarsdóttir, Ester Bergmann Halldórsdóttir, Hulda Finnlaugsdóttir, Hörður Ásgeirsson, Jóhanna Guðjónsdóttir og Jóna Ingvarsdóttir. Stuðningsfulltrúar voru Brynhildur Geirsdóttir, Guðríður Egilsdóttir og Pálína V. Sigtryggsdóttir.

Kennslu í verklegum greinum skólaárið 2008 – 2009 sinntu eftirtaldir:

Elísabet H Harðardóttir – myndlist - leirlist

Guðfinna Gunnarsdóttir – leikræn tjáning

Helga Jóhannesdóttir - hannyrðir

Hugrún Jóhannsdóttir – reiðmennska

Ingibjörg Erlingsdóttir - tónmennt

Kristín Sigurmarsdóttir – hannyrðir

Margrét J Stefánsdóttir – matreiðsla

Rakel Magnúsdóttir - íþróttir

Sigríður Sæland – íþróttir

Sigurður Grímsson – málsmíði

Svanur Ingvarsson - trésmíði

Þór Stefánsson - rafmagnsfræði

Þórir Magnús Lárusson - hestamennska

Bóklegar greinar á atvinnulífsbraut kenndu:

Brynja Ingadóttir – danska

6 kesti.

Elísabet Valtýsdóttir – danska	6 kest.
Eyvindur Bjarnason – íslenska	6 kest.
Guðfinna Gunnarsdóttir - enska	12 kest.
Hörður Ásgeirsson – stærðfræði	6 kest.
Rósa Marta Guðnadóttir – íslenska	6 kest.
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	6 kest.

Kennslumagn í sérkennslu var að meðaltali um 220 kennarastundir á önn á starfsbraut og atvinnulífsbraut.

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Sérkennslan hefur verið með nokkuð svipuðu sniði hér í skólanum undanfarin ár þó svo að alltaf bætist eitthvað nýtt við á hverju ári, en breytingarnar eru e.t.v. mestar í tengslum við þá nemendur sem koma inn á brautina hverju sinni. Námsefnið tekur mið af stöðu þeirra en almennt má segja að kennsluhættir séu með hefðbundnu sniði. Tölvunotkun er nú almennari en áður enda hefur nýjum kennsluforritum, kennsluefni á neti og hljóðbókum í eigu skólans fjölgað á undanförunum árum.

### Nýjar kennslubækur og kennslugögn á árinu

Enn eykst notkun kennsluefnis á interneti og hefur undirritaður haldið áskrift að "skólavefurinn.is", en þar er töluvert af nýtilegu efni til sérkennslu. Kennarar starfsbrautar nýttu sér áfram þennan möguleika eins og verið hefur undanfarin ár. Kennarar starfsbrautar hafa verið iðnir við að sérútbúa og sérsníða námsefni sem hentar þessum breiða hóp sem nemendur okkar eru og því mikilvægt að hafa ætíð aðgang að góðu safni kennslubóka og öðru kennsluefni sem fyrst og fremst hentar grunnskólastiginu því það er þar sem við leitum fanga og fyrirmynda að kennsluefni á brautinni.

### Námskeið og fyrirlestrar sem kennarar deildarinnar hafa sótt

Þann 19. mars sóttu allir kennarar og stuðningsfulltrúar starfsbrautar málþing á vegum Sjónarhóls sem nefndist „Hver ræður för“ en þar var fjallað um þjónustu við fjölskyldur barna með sérþarfir.

Sameignilegur fundur starfsmanna á starfsbrautum framhalds-skólann var haldinn á vegum Menntamálaráðuneytisins í Borgarnesi 15. apríl en þar fór meðal annars fram hugmyndavinna varðandi nýja námskrá fyrir starfsbrautir. Allir starfsmenn starfsbrautar sóttu fundinn.

*Starfsmenn tölvumiðstöðvar fatlaðra komu til okkar tvisvar á önninni og fræddu kennara og stuðningsfulltrúa um ýmis tæknileg atriði varðandi tölvunotkun og kennslu fatlaðra nemenda. Þá kom einnig starfsfólk á vegum greiningarstöðvar ríkisins og ræddu um einstaka nemendur á starfsbraut.*



### Úrbætur í þágu Starfsbrautar sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Sem fyrr þarf að huga að úrbótum varðandi salernisaðstöðu fyrir fjölfatlaða nemendur brautarinnar og hafa tillögur að úrbótum á þessu sviði verið viðraðar áður á þessum vetvangi.

### Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár

Þar sem innritun er enn ekki lokið er erfitt að segja til um hversu margar hópar verða á starfsbraut næsta skólaár eða hvort þörf er á aukningu í mannahaldi. Í auglýsingu menntamálaráðuneytisins í vor var gert ráð fyrir að flýta innritun þannig að henni væri lokið um 15. maí. 12. nemendur hafa þegar innritast á starfsbraut en ef að líkum lætur má gera ráð fyrir að fleiri innritist dagana 2. – 11. júní.

Reikna má með að kennt verði í fimm til sex hópum á starfsbraut á næsta skólaári en auk þess í einum til tveimur hópum á atvinnulífsbraut.

Kennslufyrirkomulag verður væntanlega með svipuðu sniði og verið hefur. Stuðst verður í megindráttum við leiðbeiningar námskrár um þrískiptingu hópsins í starfsbr. 1 – 2 og 3 eftir fötlunarstigi.

### *Sértækir námsörðugleikar*

#### Greining og ráðgjöf

Leit að nemendum með lestrarhömlur fór fram með líkum hætti og verið hefur mörg undanfarin ár. Allir nýnemar í íslensku þreyta lesskilningspróf sem notað er sem nokkurs konar skimunarpróf. Þeir nemendur sem ekki standast lágmarkskröfur á þessu prófi koma til frekari skoðunar. Alls komu milli 60 og 70 nemendur í viðtöl og greiningu á þessu skólaári og greindist yfirgnæfandi meirihluti þeirra með mismunandi alvarlegan lestrarvanda. Auk þess er nokkuð um það að nemendur sem hafa verið greindir áður, komi í stuðningsviðtöl. Einnig leita foreldrar nýnema eftir ráðgjöf í framhaldi af greiningu.

Gott samstarf var við námsráðgjafa vegna greiningarinnar. Nemendur sem greinast með leshömlur eiga rétt á þjónustu frá Blindrabókasafni Íslands (hljóðbækur) en eiga einnig rétt á ýmiss konar tilhliðrun varðandi próftöku, s.s. lengri próftíma, stækkað letur á prófum, próf lesið inn á hljómsnældu (CD diska) eða að taka munnlegt próf.

Á Litla Hrauni greindist einnig all stór hópur nemenda með leshömlur og fá þeir sömu þjónustu og aðrir nemendur varðandi tilhliðrun í próftöku og námi.

## Sérkennsla á Sogni í Ölfusi

skólaárið 2008 - 2009

Sérkennsla á Sogni hófst með hefðbundnu hætti sl. haust og hófu þrír nemendur nám þar að þessu sinni. Á haustönninni lauk einn nemandi þriggja eininga áfanga í dönsku (DAN 303) og á vorönn lauk annar þriggja eininga áfanga í sálfræði (SÁL 103) Aðrir nemendur náðu ekki að ljúka einingabæru námi.

Gert á Selfossi þann 29. maí 2009.

Hörður Ásgeirsson, kennslustjóri í sérkennslu F.Su.

## 2.1.6 Stærðfræði

### Stærðfræði

Kennslustjóri Ólafur Bjarnason

#### Kennslumagn og skipting

Skólaárið 2008-2009 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Ellefu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og ellefu á vorönn. 5 kennarar voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á hvorri önn.

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Eyvindur Bjarnason	Stæ 2S36		6
	Stæ 5S36	6	
	Stæ F936	6	
	Stæ U93*		6
Hörður Ásgeirsson	Stæ 2S36		6
	Stæ 5S36	6	
Ingvar Bjarnason	Stæ 102	12	
	Stæ 103		6
	Stæ 203		6
	MSK Stæ202	4,8	
Jón Grétar Hafsteinsson	Stæ 122	6	
	Stæ 262	6	
Kjartan Ólason	Stæ U93		6
Kristín Bjarnadóttir	Stæ 102		12
	Stæ 103	6	
	Stæ 122	12	
	Stæ 202	6	6
	Stæ 262	6	12

Magnús Másson	Stæ U93	12	6
	Stæ 102	12	
	Stæ 122		12
	Stæ 203		6
Ólafur Bjarnason	Stæ 102	12	12
	Stæ 122	6	
	Stæ 313	6	6
	Stæ 413		6
	Stæ U93		6
	MSK Stæ 243	4,8	
	MSK Stæ 323		4,8
Renata Lis	Stæ 303	6	6
	Stæ 403		6
	Stæ 503	12	6
	Stæ 523	6	
	Stæ 603		6
Skúli Halldórsson	Stæ 122		12
	Stæ 203	12	
	Stæ 303	6	6
	Stæ 403	6	6
Úlfur Björnsson	Stæ F93	6	
	Stæ U93	12	
	Stæ 102		12
Ægir Sigurðsson	Stæ U93*		6
	Stæ 103	6	
	Litla Hraun	9,6	9,6
	Samtals	211,2	200,4

## **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Í byrjun desember 2008 kom Þorsteinn Bergmann Einarsson á fund í deildinni og kynnti fyrir kennurum möguleika Angel í sambandi við verkefnaskil í stærðfræði. Í framhaldi af því prófuðu tveir kennarar við Stærðfræðideildina þær Kristín Bjarnadóttir og Renata Lis að nýta sér Angel kerfið við einkunnabók og til skila á verkefnum í nokkrum áföngum í stærðfræði. Reynsla þeirra af þessu „verkfæri“ er það góð að ástæða er fyrir aðra í deildinni að skoða þennan möguleika betur með jákvæðu hugarfari.

## **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Í stærðfræðiáfanganum stæ 603 var símat sem byggðist upp á reglulegum stöðuprófum.

Í stærðfræðiáfanganum U93 var námsmat byggt upp á Ástundun og vandvirkni 20%. Stöðupróf á önn 20% og Lokaprófi 60%. Til að fylgja eftir þættinum um Ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur og hefur vafalítið skilað einhverju í bættum námsárangri.

Í öðrum áföngum voru haldin hefðbundin lokapróf þar sem vægi lokaprófs var yfirleitt 80% á móti verkefnaskilum annarinnar 20%.

## **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Undanfarin ár hafa 2-3 kennarar sótt Námsstefnu Flatar, félags stærðfræðikennara. Námsstefnur þessar voru til skamms tíma haldnar í Reykholti í Borgarfirði en síðustu tvö ár á Hótel Selfossi. Þetta hafa verið tveggja daga Námsstefnur ásamt árhátið Flatar. Dagskrá síðustu Námsstefnu höfðu ekki beint til kennara deildarinnar, svo að við sáum ekki ástæðu til að sækja námstefnuna í þetta skipti.

## **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Á haustönn var tekin í notkun kennslubókin „Upp á punkt stæ 293“ eftir Kjartan Heiðberg kennara við VMA í fornáminu og Stæ U93. Reyndist hún nokkuð vel og verður notuð áfram. Á næstu önn er fyrirhugað að taka í notkun í stæ 103 kennslubók Jóns Þorvarðarsonar „Stæ 103“. Þá er einnig fyrirhugað að skipta um námsefni í stæ 403 og nota þar bókina „Stæ 403“ eftir Jón Hafstein Jónsson o. fl. Þessar tvær bækur leysa af hólmi kennslubækur í bókaflokknum Stæ 3000 sem hafa verið notaðar undanfarin ár.

## **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræði-kennslu sem bestar. Það er samdóma álit starfsmanna stærðfræðideildar að aðstæður í Selinu uppfylli ekki lágmarkskröfur hvað þetta varðar.

## **Tækjakostur**

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Nú er lágmarksbúnaður í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðustrikuðum töflum.

## Annað

Þann 7. október 2008 fór fram Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2008-2009 (forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Við FSu tóku þátt 11 nemendur, 7 á neðra stigi og 4 á efra stigi. Keppendur af öllu landinu voru alls 471. Enginn nemandi úr FSu náði þeim árangri að komast í lokakeppni sem fram fór í mars 2009, en sigurvegurum í þeirri keppni gefst kostur á að taka þátt í Norrænni stærðfræðikeppni og í framhaldi af því er svo Alþjóðleg stærðfræðikeppni sem fram fer erlendis í júlí í sumar en þangað komast væntanlega 6 keppendur frá Íslandi. Fullur vilji er innan stærðfræðideildar til að halda áfram þátttöku á þessum vettvangi.

Önnur stærðfræðikeppni, þ.e. Stærðfræðikeppni grunnskólanema á Suðurlandi fór fram í FSu þann 17. mars 2009. Þátt tóku um 60 nemendur úr 8. 9. og 10. bekk frá ýmsum grunnskólum á Suðurlandi. Keppni þessi var haldin í samstarfi við Flensborgarskóla í Hafnarfirði, Skólaskrifstofu Suðurlands og nokkur fyrirtæki á svæðinu sem styrktu keppnina með ýmsum hætti s.s. veitingum og verðlaunum. Sams konar keppni var haldin á sama tíma á Akranesi, í Hafnarfirði og á fleiri stöðum.

Það er von okkar í stærðfræðideild að keppnir sem þessar stuðli að auknum áhuga og árangri í stærðfræði innan skólans sem utan.

Þann 20.02.2009 var haldinn samráðsfundur í Stærðfræðideild FSu. Á fundinum gerðu kennslustjóri og Ægir Sigurðsson sviðsstjóri grein fyrir fundi samstarfsskólanna þriggja FVA, FS og FSu sem haldinn var í Rvk. þann 5. feb. sl. Á þeim fundi var aðallega rætt um gengi nemenda í fyrstu áföngum í stærðfræði, fall, brottfall og þess háttar hluti. Í ljósi þess hve fall var mikið sl. haust í stæ102 í FSu skoðuðum við á fundinum (20.02.) próf í þessum áfanga frá skólunum þremur. Við þessa skoðun kemur í ljós að við í FSu erum með aðrar áherslur í okkar prófi þ.e. mjög algebrumiðaðar áherslur, þar sem hinir skólarnir gera meira úr almennum atriðum á kostnað algebrunnar. Eftir að hafa velt þessum prófum fyrir okkur um stund urðu menn í deildinni sammál um að prófa núna í vor að semja próf í 102 sem væri nær þeim áherslum sem þau vinna með í hinum skólunum.

Undanfarinn annir höfum við kennt áfangana stæ202 og stæ203. Þessir áfangar hafa verið nákvæmlega eins, sama námsefni og sama próf í lok annar. Í stæ202 hafa getað farið nemendur upp úr stæ102. Þessir nemendur hafa iðulega átt á brattann að sækja í stæ202/203. Við í stærðfræðideildinni veltum því þess vegna fyrir okkur hvort ekki sé hægt að leggja niður stæ202 og vera bara með stæ203 sem er nákvæmlega sami hluturinn (þannig er það í hinum skólunum). Þá erum við að hugsa okkur þetta á þann veg að nemendur fari í stæ203 með undanfarann stæ103 með lágmarkseinkunn 5 eða með undanfarana stæ102 og stæ122 og þá með hærri lágmarkseinkunn t.d. einkunnina 7. En þeir sem ætla sér minni stærðfræði velji þá eftir 102 og 122 stæ262.

Stærðfræðideild vill beina þeim tilmælum til hlutaðeigandi aðila hvort hægt sé að taka tillit til ofangreindra atriða við val fyrir næstu önn.

Mörg undanfarin skólaár hefur verið starfrækt stuðningskennsla í stærðfræði við skólann. Sl. tvö skólaár hefur þessi kennsla verið veitt frá miðri önn til loka annar. Þá hefur verið miðað við að miðannarmat lægi fyrir. Reynslan af þessari kennslu sem Skúli Halldórsson hefur séð um hefur oftast verið nokkuð góð og margir nemendur náð sér á strik á þessum vettvangi. Á þessu skólaári sem nú er að líða fór þessi kennsla fram einu sinni í viku, síðdegis á fimmtudögum eina klst í senn. Á

haustönninni sóttu þessa tíma að meðaltali 10 nemendur og flesta tímana aðstoðaði kennslustjóri deildarinnar Skúla við kennsluna. En á vorönninni var meðalnemandafjöldi aðeins tæplega 4 nemendur.

Selfossi 27. maí 2009

Ólafur Bjarnason, kennslustj. í stærðfræði.

## 2.2 Svið: Starfsmenntir, listir og íþróttir

### 2.2.1 Listgreinar, hússtjórn og íþróttir

#### Listabraut

#### *Listir og menning (Lim) og kvikmyndir*

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Árni Blandon	Lim103	6	
	Lim113	6	
	Kvk133	6	
	Kvk233		6
	Samtals	12	12

#### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Báðir áfangarnir í kvikmyndasögu eru nýir, Kvk-133 tekur fyrir þrengra sögulegt tímabil en áður hefur verið gert og kvikmynda-söngleikjaáfanginn höfðaði vel til útskriftarnema.

#### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat. Gengur vel. Skýrsla flutt af menningarreisum í Lim. Ein ritgerð kynnt í tíma í Kvk-133 og skilað skriflega í Kvk-233.

#### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Mikið fylgst með í kvikmyndahúsum ekki síst kvikmyndahátíðum. Kvikmyndatímarit lesin, farið á margar listsýningar og tónleika.

#### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í kvikmyndasögunni var notað nýtt handrit að þýðingu sem kennarinn hefur gert. Um er að ræða vel skrifaða og völduga bók og virðist efnið falla nemendum vel í geð. Í söngleikjasögunni var dregið saman efni úr sömu bók.

Nýjar kennslubækur frá Þóri Þórissyni vor notaðar í Lim áföngunum til að kenna tónlist. Kennslubókin *The Photography Book* er nú notuð í flestum Lim áföngum.

#### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Reynt verður að spara vegna kennslubókakaupa nemenda næsta vetur vegna erfiðra aðstæðna í þjóðfélaginu.



## Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Gott væri að fá myrkvunartjöld í félagsgreinastofuna, stofu 210. Þar eru ágæt tæki og hátalarar, en nýtingin er ekki góð vegna mikillar birtu bæði á hausti og vori. Voru til dæmis afar slæm gæði í tónleikum Cream sem sýndir voru af DVD diskum í Lim-103 í þessari stofu.

### Annað

Listin er löng, lífið er stutt.

## *Matreiðsla*

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Kristín Stefánsdóttir	MAT1736	24	24
Margrét J. Stefánsdóttir	MAT	12	12
	Samtals	36	36

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla var með svipuðu sniði og á síðasta skólaári, þó sérstaks aðhalds hafi verið gætt í útgjöldum við innkaup.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat er í verklegum þáttum kennslunnar. Í MAT 1736 er skriflegt próf úr bóklega hluta kennslunnar og gildir það 25% einkunnar. 75% eru svo ýmis verkefni og önnur vinna í verklegum tímum.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Engin. Haldið var námskeið fyrir heimilisfræðikennara í lok mars en það var á virkum dögum og við töldum okkur ekki fært að sækja það.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árin

Nýtt kennsluefni er ekki en þó er alltaf eitthvað endurnýjað. Hreinlætisfræðin hefur verið notuð í 2-3 ár, síðan er notað efni af vef hjá Lýðheilsustöð og bæklingar og veggspjöld fengin hjá þeim.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Við vonumst eftir svipaðri starfsáætlun næsta ár. Ásókn er mikil í MAT1736 og almenn ánægja hjá nemendum og margir spyrja um fleiri svipaða áfanga.

Áfanginn MAT sem er ætlaður nemendum sérdeildar er mjög mikilvæg þjálfun fyrir viðkomandi nemendur til þess að þeir geti betur staðið á eigin fótum síðar meir.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Í fljótu bragði ekki sést ekki neitt. Skólayfirvöld hafa alltaf verið mjög jákvæð í garð matreiðslunnar.

Annað

Aðstaðan hér er mjög góð og við reynum að leggja okkar að mörkum til að halda kostnaði niðri án þess að það komi niður á gæðum starfsins.

## Skýrsla myndlistardeildar fyrir skólaárið 2008-2009

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Elísabet Helga Harðardóttir	LER XS1	4	4
	MYL 103	6	
	MYL 203		12
	MYN XS3	6	6
	SJL 103	12	6
	Samtals	28	28

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla með hefðbundnum hætti, tafla, skjávarpi, fyrirlestrar, angel.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Endurmenntunarnámskeið Félags íslenskra myndlistarkennara FÍMK í samvinnu við Listaháskólann.

42 stundir í Listaháskólanum og Hvassaleitisskóla dagana 15. -16. ágúst og

13. -14. sept. Viðfangsefni, stuttmyndagerð, silkiþrykk, sílikon- og gifsnotagerð.

Leiðbeinendur, Helgi Gíslason, Jóhann Torfason, Marteinn Sigurgeirsson og Saari Maarit Cedergren.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu


Nýjar og betrubættar vefsíður uppfærðar í stíl við nýja vefsíðu skólans og gömlu gráu sellurnar ári eldri en síðast.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Boðið er upp á valáfanga á næstu önn MYL173, vona að af honum verði án þess að hann skemmi fyrir grunnáfanganum SJL103. Vissulega væri gaman að fjölga myndlistaráföngum og bæta við kennara í faginu. Í þessu árferði kallast gott að halda því sem fyrir er. Nú svo þarf að vinna í útfærslu á nýju framhaldsskólalögunum.

Annað

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn



### Skólaskýrsla vorið 2009, hluti Textíldeldar

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Helga Jóhannesdóttir	THL 103	6	6
	THL 173	6	6
	THL 136		6
	FAT1S3 osfrv	6	
	<b>Alls</b>		<b>18</b>

Kristín Sigurmarsdóttir	THL 103	6	
	THL 173	6	6
	THL 136		6
	FAT1S3 osfrv	6	6
	<b>Alls</b>	<b>18</b>	<b>1</b>

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- THL103: Breyttar áherslur, þ.e. nú er miðað við “allt í sambandi við buxnahönnun- og saum í þessum áfanga, en pilshönnun og saum í THL173. Einfalt textíldröf haldið í síðasta tíma annar.
- THL173: Fyrir utan áherslu á saumskap, var heldur aukið við sjálfstæða hönnunarvinnu meðan beðið er eftir kennara.
- THL136: Vettvangsferð til Reykjavíkur breytt í stutta ferð í Þingborg í ullarvikunni svonefndu. Nýtt þema í prjóni og hekli var “Hálstau” og í bútaumi/útsaumi var þemað “Samsetning aðferða”.
- FAT-áfangar eða Starfsbraut: Engar breytingar þar, nema að hóparnir fara stækkandi og var eingöngu einn hópur í “Fatínu” nú á vorönn og þær orðnar átta.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

- Excell – símat með verkefnaskilum í öllum áföngum = aðhald.
- Einkunnin „Nýting tíma, 20% af heildareinkunn“ gaf góða raun, - með því að halda þessari staðreynd að nemendum reglulega, virkar hún hvetjandi og eykur heldur metnað.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Báðir kennarar Textíldéildar sóttu stutt ullarnámskeið í Þingborg á haustönn.

Einnig sóttum við fyrirlestur Sigrúnar Lyngmo, hönnuðar og kennara í Tækniskólanum, um kennslu í fata- og textílgreinum.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nei, ákveðið var að halda áfram að miða við möppugerð eða hugmyndabækur,

upplýsingaröflun á bókasöfnum og netinu. Þó er stuðst við námsbækurnar Snið

og sniðteikning þýdd af Ásdísi Jóels og kennsluhefti úr FB eins og áður. Nemendum er frjálst að kaupa sér þetta efni. Við endurnýjum svo okkar eigin verkefni smám saman eins og tími vinnst til.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Engar breytingar standa til, nema að bæta sýningarvinnu í kennsluáætlun allra áfanga deildarinnar. Það að kynna eða leggja fram verkefni sín, eykur sannanlega metnað nemenda fyrir verkefnum sínum.

## Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Þrátt fyrir kreppu, látum við hugmynd síðasta árs hanga inni í skýrslunni, þar sem hún er geymd en ekki gleymd;

„Við höfum mikinn áhuga á að skólinn styrki Listnámsbrautina. Óhefðbundin framhaldsskóladeild eins og Textíildeild (minnum á að hún byggir á gamla Hússtjórnarskólanum á Laugarvatni og þar með handverkshefð sem mikilvægt er að halda lifandi !) þarf stöðugt að styrkja og halda við.“

### Annað:

Mikilvægt er að komi fram hér, að **ekki gengur upp að bjóða upp á áfangana THL136 og THL203/303 á sömu önn**, þar sem slíkt námsframboð er ekki raunhæfur möguleiki fyrir nemendur.

Varðandi **sparnaðar möguleika** í deildinni hér:

Skólinn á orðið umtalsvert safn af **gömlum fataefnum og möppum**, sem mætti selja nemendum fyrir lítið.

Þarna er freistandi að leggja til að efnisgjöld allra verði hækkuð eitthvað OG þar með að láta **öll efni vera innifalin**.

Þetta þýðir að efni verða alltaf fyrir hendi og að EF nemandi hefur áhuga á að sauma flíkur úr nýjum efnum, er honum velkomið að kaupa sér þau.

Helga Jóhannesdóttir og Kristín Sigurmarsdóttir

## Skýrsla íþróttadeildar

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Rakel Magnúsdóttir	ÍþR 101	8	
	ÍþR 371	4	
	ÍþR 111		10
	ÍþR 211		6
	ÍþR 3D1		1
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍþR 3J1	6	
Sigríður Sæland	ÍþR 101	12	
	ÍþR 201	8	
	ÍþR 301	2	

	ÍþR Starfsbraut	2	2
	ÍþR 111		10
	ÍþR 211		10
	ÍþR 3A1		2
	ÍþR 3D1		1
Sverrir Ingibjartsson	ÍþF 232	4	
	ÍþF 303	6	
	ÍþG 102	4	
	ÍþR 201	8	
	ÍþR 321	4	
	ÍþR 371	4	
	ÍþS 102/112/122	2	2
	ÍþF 111		2
	ÍþF 102		4
	ÍþF 222		4
	ÍþG 112		8
	ÍþG 172		4
	ÍþR 331		2
	ÍþR 361		2
	ÍþR 381		4
	ÍþR 3Ú1		2
	Litla Hraun	4,8	4,8
	Samtals	78,8	80,8

#### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Boðið var upp á jóga og fjallgönguáfangu í íþróttum. Var það hluti af viðleitni okkar í að bjóða upp á breitt svið heilsuræktar svo að allir, eða sem flestir, geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Að okkar mati tókst nokkuð vel til.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á skólaárinu var gerð sú tilraun að færa lokapróf bóklegra ÍPR áfanga úr próftöflu og ljúka því í síðasta kennslutíma. Um leið var gerð tilraun í ÍPR 211 með að verkefnum og verkefnaskilum var komið inn á angel. Líklegt er að við munum halda áfram að þróa okkur í angel.

Í framhaldsáföngunum er símat í gangi, enda þeir áfangar nánast eingöngu verklegir.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Rakel fór á námskeið í íþróttum aldraðra sem haldið var af frumkvæði íþróttafélags aldraðra.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun á árinu en vinnubækur í ÍPR 211 voru lagðar niður og verkefnin flutt á angel.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Í ljósi efnahagsástands og óvissu er erfitt að koma með tillögur en starfsmenn íþróttadeildar mæla ekki með niðurskurði í íþróttum og heilsurækt.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Starfsfólk íþróttadeildar er sátt við stöðu mála enda aðstaða til íþróttakennslu mjög góð. Skólastjórnendur og húsverðir lðu eiga hrós skilið fyrir liðleika og frábært samstarf.

#### Skýrsla kórs fyrir skólaárið 2008-2009

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Stefán Þorleifsson	KÓR1012	6 kest.	4 kest.
	KÓR2012		
	KÓR3012		
	KÓR4012		
	KÓR5012		
	KÓR6012		
	KÓR7012		
	KÓR8012		
	KÓR9012		
	KÓR9212		

Umsjónarmaður kórs

Vera Ósk Valgarðsdóttir

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Vorið 2008 var kórinn með stórtónleika, svokallaða Queen tónleika í Iðu sem heppnuðust með eindæmum vel. Svo vel að ákveðið var að endurtaka leikinn en nú í Reykjavík. Voru þeir tónleikar í samstarfi við Nýherja, Saga Film og Bylgjuna, og haldnir í Egilshöll þann 26. mars sl.

Í vetur var ýmislegt að döfni hjá kórnum fyrir utan venjuleg skyldustörf eins og að syngja við útskrift skólans. Kórinn hélt kirkjutónleika í Selfoskirkju og í Skálholti í nóvember sem tókust mjög vel. Í desember tók kórinn þátt í árlegum jólatónleikum í Selfoskirkju. Í vor, eða 21. maí, var kórinn með stórtónleika ásamt hljómsveitinni Karma þar sem flutt voru lög eftir Gunnar Þórðarson. Var þetta í samvinnu við hátíðina Vor í Árborg.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Námsmat felst í virkni og þátttöku í kór. Nemendur fá eina einingu fyrir að stunda kórinn og aukaeiningu fyrir að taka þátt í sérstökum verkefnum eins og útskrift.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Engar kennslubækur aðrar en nótur

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Á haustönn verður unnið með nútímatónlist og tölvu-tækni tónskáld og fyrirhuguð er utanlandsferð sumarið 2010

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Bætt aðstaða



## 2.2.2 Starfsnám

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Álfhildur Eiríksdóttir	Við133		6
Eysteinn Jónasson	Utn103	6	6
	Utn203	6	6
Eyvindur Bjarnason			
Ingvar Bjarnason	Teh103	6	6
	Teh203	6	6
	Teh303	6	6
Íris Þórðardóttir	Lol103	6	12
	Hjú203	6	6
	Sjú103		6
	Vin105		
	Sam	6	
Kjartan Ólafsson	Grt103	12	12
	Grt203	6	6
Ragnar G. Brynjólfsson	Töl103		
	Töl113		
	Töl132		
	Töl203		
	Töl303		
Þórey Hilmarsdóttir	Bók103	6	6
	Bók203		6
	Við113	12	
	Hag103	12	
	Hag113		12

	Hav102		2
Ægir Sigurðsson	Bók213	6	
	Við123		6

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í sjúkraliðakennslu voru teknir inn fleiri verknámsstaðir á Suðurlandi, þeir staðir sem komu inn voru Kumbaravogur á Stokkseyri og Kirkjuhvoll á Hvolsvelli. Einnig eru Ljósheimar „gömlu” dottnir út og í staðinn hefur verið tekið upp samstarf við tvær frábærar deildir Fossheima og Ljósheima. Frábær aðstaða og mörg góð námstækifæri fyrir nemendur. Samstarfið gekk mjög vel og vonandi verður framhald þar á.

Kennslan í tölvufræði er svipuðu sniði eins og verið hefur síðastliðin 7 ár. Þeir skólar sem eru í fjarnámi hafa þó færst meira yfir í hreint fjarnám. Þ.e. þennan veturinn var lagður niður vikulegur fjarfundur til Menntaskólans á Egilsstöðum. Ástæðan var sú að erfitt reyndist að finna tíma utan stundatöflu fyrir nemendurnar. Menntaskólinn í Hamrahlíð er með hreint fjarnám án nokkurs aukastuðnings og sömuleiðis ML. Í FSu er mætingaskylda í þessa áfanga en nemendur geta unnið af sér mætingu með því að skila verkefnum og fá þá D-merkingu í Innu. Samræmd próf í TÖL voru tekin í þessum skólum auk FSu bæði á haustönn og vorönn eins og verið hefur. Nemendafjöldi var óvenjumikill núna á vorönninni og góð mæting í próf í öllum skólunum. Svo virðist sem áhugi sé að aukast á forritunar- og tölvunámi.

Á haustönn 2008 var í fyrsta skipti kenndur áfanginn Bók213. Þar er kennt bókhald í tölvu. Gerður var samningur við Microsoft um notkun á bókhaldsforritinu Microsoft Dynamics Nav og notaðar kennslubækur eftir Tómas Sölvason um það forrit. Gafst þetta nokkuð vel og líklega verður þetta efni notað áfram á næstu önnum. Í áfanganum Við123 þ.e. Fjármál 1 var Angel mikið notað og meðal annars til umræðna um efni áfangans. Reglulega var sett af stað umræða á Angel og gátu duglegir nemendur sem skilað höfðu öllum verkefnum og tekið þátt í þessum umræðum, losnað undan mætingaskyldu í nokkrum tímum. Í þessum umræðum var nemendum skipt í nokkra hópa. Gafst þetta vel og urðu oft á tíðum til fjörugar umræður, oft á tíðum um málefni líðandi stundar sem tengjast áfanganum.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Nokkuð er um að notað sé símat en þó eru enn lokapróf í mörgum áföngum.

Í sjúkraliðakennslu voru skrifleg lokapróf í flestum áföngum. Hjv 105 lauk með verklegu prófi í desember með prófdómara sem var starfandi hjúkrunarfræðingur. Í sjúkraliðakennslu var óvenju mikið fall þetta vorið og má tengja það við slaka mætingu nemenda. Í áföngum á Viðskipta- og hagfræðibraut var notað símat í öllum áföngum og í teikniáföngum þ.e. Grt og Teh var lokapróf viðhaft. Í Töl-áföngum var námsmat eftirfarandi: forritunarverkefni 30%, æfingar og stöðupróf 5% og lokapróf 65%. Sama fyrirkomulag nánast óbreytt síðustu 7 árin og virkar vel. Fyrirhugað er þó að bæta við verklegum æfingum og auka áherslu á færnimarkmið. Þetta verður gert með því að leggja fyrir fleiri forritunarverkefni og auka hlut forritunar á lokaprófi en draga úr hlut þekkingaratriða. Þetta er í samræmi við anda nýrra framhaldsskólalaga.

## **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Íris Þórðardóttir fór í Háskóla Íslands á fyrirlestur hjá Svövu Engilbertsdóttur næringarfræðings um bækling frá lýðheilsustöð um mataræði. Einnig fór Íris á fyrirlestur um narkólepsíu hjá Sigríði Dóru Héðinsdóttur og svo fór hún í desember á fjölda fyrirlestra á Hótel Örk fyrir hjúkunarfræðinga á Suðurlandi á vegum Hjúkrunardeildarinnar.

## **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Kennarar eru ávallt að bæta inn námsefni á Angel og nýta sér kennsluumsjónarkerfið meira með hverju árinu sem líður. T.d. til miðlunar gagna, próftöku, umræðna o.fl. Ný kennslugögn voru notuð í Bókfærslu 213 ásamt því að fara dýpra í Microsoft Dynamics Nav en áður hefur verið gert.

Forritunarþjónn verður endurnýjaður og boðið verður upp á myndrænan aðgang að honum sem ekki hefur verið áður. Þetta ætti að bæta til muna aðstöðu nemenda. Sömu kennslubækur eru notaðar en Camtasia hljóðglæruforritið hefur verið uppfært, nýjasta útgáfa keypt og stefnt er á að dreifa hljóðglærum ekki bara á flash formi eins og verið hefur heldur gera tilraunir með HD form og hugsanlega dreifingu í gegnum YouTube og til niðurhals í tónhlöður. Það verður kann að betur í vor og sumar. Ef það gengur eftir þá verður hægt að niðurbíða efni og hlusta á eða horfa þar sem tími gefst til í því tilfelli þegar nemendur eiga tónhlöðu eða lófátölvu. Nýi forritunarþjónninn verður ekki vistaður í tölvuklefa FSu eins og sá gamli heldur hjá einkaaðila. Þetta er gert í því augnamiði að geta bætt við auka þjónustum sem væru óháðar starfsemi FSu.

## **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Í kennslu í tölvufræðum verður haldið áfram á sömu nótum og reyna á að bæta skólum við verkefnið. Hugsanlega að bæta við frekari þjónustu við skólana á einhveru formi,

sér í lagi ef yfirvinna verður minnkuð í FSu.

Síðasta haust var dreifnámsfyrirkomulagið sem notað er við tölvufræðikennslu kynnt fyrir starfsfólki FSu og lagt er til að kennarar skólans kynni sér möguleika þessa fyrirkomulags betur.

## **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Auka framboð dreif- og fjarnámsáfanga við skólann. Með hverju árinu sem líður og þetta er ekki gert dregst hann æ lengra afturúr framsæknum skólum á höfuðborgar-svæðinu eins og Verzlunarskólanum, Ármúlaskólanum og Fjölbraut í Garðabæ. Ef ekkert eða lítið verður gert í þessum málum þá mun þróunin trúlega verða sú að hann mun missa það forskot sem hann hefur enn umfram marga aðra skóla á þessu sviði. FSu hefur ríkari skyldum að gegna á þessu sviði heldur en Reykjavíkurskólarnir sökum þess hve langt nemendur þurfa að sækja skólann og aukið hlutfall D- áfanga myndi ekki bara auka námsframboð og hraða duglegum nemendum í gegnum skólann heldur einnig spara ferðakostnað þeirra milli heimilis og skóla. Slíkt fyrirkomulag myndi líklega falla þeim sem lengst eiga að sækja skólann og aðstandendum þeirra vel í geð.

## **Annað**

Nemendur á Sjúkraliðabraut notuðu Kátá daga til að æfa sig í að taka blóðþrýsting og nýttu nemendur og kennarar skólans sér það óspart. 293 voru mældir og þar af 32 með of háan blóðþrýsting á öllum aldri.

Tveir nemendur úr TÖL í FSu og einn úr FSn mynduðu lið sem sigraði Forritunar-keppni framhaldsskólanna þetta árið.

Nemendur í Við133 þ.e. frumkvöðlafræði fengu verðlaun fyrir vöru sem þeir hönnuðu á vorönn 2009.

### 2.2.3 Verknám

#### Skýrsla úr Hamri vor 2009

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Sigurður Grímsson	HSU102	8	
	LSU102	4	
	PLV102	8	
	AVV202	4	
	RSU102	4	
	REN202	4	
	AVV102		8
	MÆM101		2
	REN103		8
	HVM203		6
	PLV202		4
	MSM1S3		4
	MSM2S3		4
	MSM4S3		4
	LitlaHr. Haust: LSU102, RSU102, HSU102		7,2
	Samt.	39,2	40
Þorvaldur Guðmundsson	LSU102	4	
	MSM173	6	
	MSM1S3	4	
	MSM3S3	4	
	RAF113	6	
	GÆF101	2	

	EFM102	4	
	TTÖ102		4
	EFM201		2
	VFR102		4
	HVM103		12
	MSM173		6
	Samt.	30	28
Grímur Lúðvíksson	VGR 102	4	
	VGR 202		4
	VGR 303	6	
	VGR 403		6
	TNT 202		4
	TNT 303	6	
	TNT 403		6
	RAL 402		4
	RAM 303	6	
	( GM ) RAT 102	4	
	( GM ) MRM 102	4	
	RTM 102		4
	RTM 202	4	
	RTM 302		4
	Samtals	36	34
Þór Stefánsson	RAL 103	6	
	RAL 203		6
	RAL 302	4	
	RAM 103	6	
	RAM 203		6

	RAM 303	6	
	RAM 403		6
	STR 102	4	
	STR 202		4
	STR 302	4	
	STR 402		4
	TNT 102	4	
	( AU ) RAF 173	6	6
	( GM ) RÖK 102		4
	Samtals	32	34
Kristján Þórðarson	VTG106C	24	
	VTS1036		6
	TIH10AK		20
	Samtals	24	26
Svanur Ingvarsson	INR106		22
„	TRÉ173	6	
„	TRÉ109		18
„	TRÉ173/2S3/3S3		6
„	ÚVH102		4
„	INK102		4
„	TRS102	námskeið (4)	
„	TST101	námskeið umsjón (2)	
	Samt.	28	32 (38)

## **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

**SG-Nei. ÞG-Ekki teljandi**

**SI**-Í tengslum við vettvangsnám mitt í vetur, gerði ég tilraunir með umræður í lok tíma, af og til, þar sem nemendur sögðu hver öðrum hvað þeir höfðu lært í tímanum og næstu tímum á undan. Markmiðið var að fá nemendur til tjá sig um fagið, miðla einstaklingsnámi til sammemenda, festa áhersluatriði betur í minni o.fl.

## **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

**SG-Símat. ÞG-Símat** byggt á verkefnavinnu og prófum.

**GL**-Farið í starfendarannsókn á eigin kennslu.

**ÞS**-Símat notað í öllum áföngum nema RTM 102, RAM 103 og 203.

**KP**-Símat er í áföngunum VTG106C og TIH10AK, en í áfanganum VTS1036 er stuðst við úrkomu úr verkefnum, bóklegt próf og verklegt próf.

**SI**-Var með símat í öllum áföngum. Á vel við í verklegri kennslu. Velti því þó fyrir mér hvort ástæða sé til að setja strangari kröfur um verkefnaskil og slíkt, heldur en ég hef gert. Þar togast á sjónarmið. Alla vega er auðveldara að draga einstaka nemanda að landi ef smá svigrúm er skilið eftir í upphafi.

## **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

**SG**-tók þátt í vettvangsnámi fyrir verkmenntakennara.

**ÞG**-Námskeið við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri um meðferð og varðveislu gamalla dráttarvéla þar sem var m.a farið í efnisfræði málma varðandi tæringu og tæringarvarnir.

**GL**-PIC örgjörfar. Tekið hjá Rafiðnaskólanum.

Kennsluréttindanáms 30 CTS einingar Menntavísindasvið Háskóla Íslands. 2 annir.

Vettvangsnám starfgreinakennara á vegum Háskóla Íslands. 2 annir.

**ÞS**- sótti námskeið í Rafiðnaðarskólanum í loftstýringum og námskeið á vegum EHI og félags kennara í rafiðngreinum í forritanlegu raflagnaefni. Bæði námskeiðin voru á vorönn.

**KP**-Sótti námskeið í snjóflóðavörnum, sjóvarnagerð og uppbyggingu á góðu innréttingaverkstæði,

**SI**-Vettvangsnám fyrir verkgreinakennara. Fjórar helgar auk heimavinnu í allan vetur.

Námskeið í snjóvarnagörðum og sjóvarnagörðum í vor á vegum Félags tré- og byggingagreinakennara, haldið á Ísafirði og nágrenni.

## **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

**SG-Nei. ÞG-Engar.**

**GL**-Cisco kennsluefni í TNT 202 og TNT 403. Analog 1 og Analog 2.

**ÞS**-Analog - Hliðræn tækni I og II voru notaðar í RAM og RTM áföngum. Bækurnar ollu kennurunum vonbrigðum.



**SI**-Tókum í gagnið þykktarslípivél í smíðastofunni.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

**SG**-Ekki. **ÞG**-Ekki.

**GL**-Tek upp nýja bók fyrir RTM 102-203-303:

Electronic Devices frá FLOYD

Nota ekki Analog 2 eins og sl. vetur

**SI**-Látum við þetta ekki rúlla með svipuðu sniði þar til stækkun Hamars verður staðreynd. Reyndar er verið að kynna reglugerðadrög varðandi sveinspróf og vinnustaðanám sem gætu þýtt einhverjar breytingar. Þá getur eitthvað í nýjum framhaldsskólalögum átt eftir að koma til framkvæmda.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

**SG**-Of langt mál að telja (spurning um peninga).

**ÞG**-Mjög aðkallandi að endurnýja vélar og áhöld í smíðasal þegar fjárhagur skólans vænkast.

**GL**-Betri aðstaða fyrir verklega kennslu og tækjakostur.

Endurnýjun á skólahúsnaðinu.

**KP**-

- 1.Ég tel að það sé bráðnauðsinlegt að lagfæra sogkerfið áður en kennsla hefst á haustönn.
- 2.Eins tel ég að kaup á nýrri plötusög sé nauðsynleg vegna þess hvað sögin er orðin slitin og eins til að við séum samstíga öðrum skólum í tækni.

**SI**-Bæta drykkjarvatnið í Hamri sem er bæði gruggugt og volgt.

Sog frá trésmíðavélum er til mikilla vandræða og þarf því úrbóta við.

Rakataekið í trésmíðastofunni virkar ekki því gruggugt vatnið stíflar það,- þarf að bæta.

**Annað**

**SG**-Takk fyrir, kveðja. **ÞG**-Kveðja

**GL**-Ég hef keypt inn efni frá Bandaríkjunum og Kína sem hefur sparað okkur töluverða peninga. Efnislager rafeindaefnis er búinn að vera í uppbyggingu, skipulagningu, flokkun og merkingu sl. 2 ár og er að verða kominn í endanlegt form.

Stærðfræðikunnátta nemenda sem byrja í Grunndeild Rafiðna er almennt óviðunandi.

**ÞS**-Ekki var farið í ferðir með nemendur á vorönn vegna kreppunnar.

**SI**-Takk fyrir, kveðja

## 2.3 Svið: Tungumál

### 2.3.1 Enska

Enska H 08 – V 09

Kennslustjóri: Ægir Pétur Ellertsson

Kennari	Áfangi	Haut 08	Áfangi	Vor 09
<b>Guðfinna Gunnarsdóttir</b>	Ens F93	6	Ens 2S3 og	6
	Ens 3S3 og		Ens 4S3	6
	Ens 5S3	6	Ens U93	6
	Ens 333	6	Ens 202	6
	<u>Ens 503</u>	<u>6</u>	<u>Ens 503</u>	<u>6</u>
	<b>= 24</b>		<b>= 30</b>	
<b>Helgi Þorvaldsson</b>	Ens 103	12	Ens 202	6
	<u>Ens 212</u>	<u>12</u>	Ens 203	6
		<b>= 24</b>	<u>Ens 212</u>	<u>12</u>
			<b>= 24</b>	
<b>Kristín Runólfsdóttir</b>			<u>Ens 503</u>	<u>6</u>
				<b>= 6</b>
<b>Kristjana Hrund Bárðardóttir</b>	Ens U93	12		
	<u>Ens 202</u>	<u>12</u>		
		<b>= 24</b>		
<b>Paola Daziani</b>	Ens 102	12	Ens 102	6
	<u>Ens 303</u>	<u>12</u>	Ens 202	6
		<b>= 24</b>	<u>Ens 303</u>	<u>12</u>
			<b>= 24</b>	

<b>Sveinn Eyjólfur Magnússon</b>	Ens 102	12	Ens 102	12
	Ens 212	6	<u>Ens 403</u>	18
	<u>Ens 403</u>	12		<b>= 30</b>
		<b>= 30</b>		

<b>Ægir Pétur Ellertsson</b>	Ens 103	6	Ens 103	6
	Ens 203	6	Ens 203	12
	Ens 303	6	<u>Ens 303</u>	6
	<u>Ens 503</u>	6		<b>= 24</b>
		<b>= 24</b>		

---

<b>Samtals</b>	<b>150</b>	<b>Samtal</b>	<b>138</b>
----------------	------------	---------------	------------

---

#### Önnur kennsla til viðbótar þessu:

- Helgi Þorvaldsson sá um kennslu á Litla Hrauni: 9,76 klst á haustönn og 9.6 klst á vorönn.
- Ægir Pétur Ellertsson sá um kennslu grunnskólanema í Ensku 103 á haustönn og 203 á vorönn í gegnum Angel kerfið. Þetta voru rúmlega 30 sem byrjuðu, en 25 í lok vorannar, voru þetta nemendur í 6 grunnskólum á Suðurlandi.

#### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Ferilmappan (portfolio) er smám saman að smjúga inn í flesta áfanga í skólanum og vægi hennar að aukast. Í Ensku 102 var hún t.d. 25% og í Ensku 303 var hún 50% af lokaeinkunn. Segja má að hlutur hennar og hlutverk er enn í mótun í hinum ýmsu áföngum.

Á haustönn: Í tengslum við forsetakosningarnar í Bandaríkjunum fengum við heimsókn frá sendiráði Bandaríkjanna. Sendiráðsmenn heimsóttu nemendur í Ensku 503 og 333 m.a. og fræddu þá um kosningarnar.

Á vorönn fékk skólinn ágætan liðsauka í formi þrælhressra kennaranema frá Antigonish í Kanada. Líklega hafa fáar deildir skólans notið þessa liðsauka meir heldur en enskudeildin. Allir kennarar deildarinnar tóku að sér nemendur. Er skemmst frá að segja að mikil ánægja hafi verið með þessa nýjung: bæði meðal kennara og ekki síður nemenda. Meira af þessu, takk!

## **Námsmat. Símat / lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.**

Lokapróf var í neðri áföngum upp að Ensku 303. Símat er nú notað í öllum áföngum þar fyrir ofan. Í Ensku 203-2 (grunnskólanemar í dreifnámi) hafa nemendur hingað til tekið 100% próf..

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Eftir því sem ég best veit sóttu kennarar deildarinnar ekki nein tungumálanámskeið. Í haust fóru tungumálakennarar skólans, með Elísabetu Valtýsdóttur í fararbroddi að hugleiða markvissari innleiðingu evrópsku tungumálamöppunnar (ETM) í framtíðinni. Á skólaárinu voru haldnir nokkrir fundir þar sem þessir hlutir voru reifaðir. Þeir sem vissu betur en hinir tóku að sér að kynna ýmsa þætti möppunar fyrir hinum. Eins útbjó Elísabet Valtýsdóttir síðu í Angel þar sem safnað hefur verið (og verður) ýmsu hagnýtu efni til að styðja kennara í frekari möppuframkvæmdum

### **Nýjar bækur og kennslugögn á árinu**

Á haustönn var tekin upp ný bók í grunnáföngunum, eins og boðað var í skýrslu síðasta árs: Total English: Elementary í fornáminu, pre-intermediate í U035, intermediate í Ens 102-202 og Upper Intermediate í 103-230 og 212. Á vorönninni hafa þær bækur síðan endanlega leyst Headway-seríuna af hólmi.

### **Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár**

Vegna efnahagsástandsins var ákveðið að halda breytingum á bókakosti í lágmarki. Það verða því litlar breytingar hvað bókakost varðar. Það er viðbúið að menn vinni, saman eða sundur í frekari útfærslu á tungumálamöppum næsta skólaárið. Við erum nú komin með eins árs reynslu af efninu sem við tókum upp nýtt á síðustu önn, það er því viðbúið að þar muni menn hagræða í samræmi við reynslu af notkun bókana á þessu skólaári. Á komandi skólaári er einnig í þápunum að bjóða upp á heilsárskennslu fyrir nemendur í Vallaskóla í áfanganum Ens 103.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Vegna sérstakra ástæðna gerist það stundum að nemendur fá að taka tvo áfanga samhliða í ensku. Æskilegt væri að kennarar væru hafðir meira í ráðum þegar slíkt gerist, sem og að slíkt sé ekki leyft nema brýna nauðsyn beri til og eins að nemendur hafi forsendur til að geta náð báðum áföngum.

Um ársáfangann fyrir grunnskólanemendur í Vallaskóla sem og um kennslu grunnskólanema utan Selfoss í fjarnámi má segja að það þyrfti að huga að því að koma samstarfi við grunnskólana betur á hreint. Hvernig væri að FSu boðaði til fundar með þeim kennurum sem standa að þessu hinum megin við borðið, þess vegna með kennurum sem hefðu áhuga á málinu grunnskólamegin til að ræða þessi mál, fyrirkomulag þess og fleira.?

29. maí 2009

**Ægir Pétur Ellertsson**

### 2.3.2 Íslenska

## Skýrsla íslenskudeildar skólaárið 2008-2009

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Björgvin E. Björgvinsson	Ísl. 103	6	6
	Ísl. 203	6	
Bryndís Guðjónsdóttir	Ísl. U936	6	6
	Ísl. 202	6	6
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	Ísl. 1S3 og 2S3	6	
	Ísl. U936		12
	Ísl. 102	6	6
	Ísl. 202		6
	Ísl. 212		12
	Ísl. 203	12	
Gylfi Þorkelsson	Ísl. 203	6	
	Ísl. 303	6	6
	Ísl. 403	12	12
	Litla hraun	9,6	9,6
Gísli Skúlason	Ísl. 103	12	
	Ísl. 202	6	6
	Ísl. 343		6
	Sta. 1912		4
Jón Özur Snorrason	Ísl. 102	12	6
	Ísl. 643		6
	Sta. 1912	4	2
Katrín Tryggvadóttir	Ísl. 102	12	

	Ísl. 212	6	12
	Ísl. 203		6
	Ísl. 403	6	6
	Ísl. 663	6	
Rósa Marta Guðnadóttir	Ísl. 202		6
	Ísl. 303	6	6
	Ísl. S-hópur	6	6
	Ísl. 503	6	6
Ragnhildur Sigfúsdóttir	Ísl. 303	12	12
Þórunn Jóna Hauksdóttir	Ísl. 102		6
	Ísl. 503	12	6

## Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í kennslu fornáms [ÍSL U936] var unnið eftir ½ mánaða áætlunum og gafst það mjög vel. Áætlunina nýttu nemendur sem gátlista og merktu við þegar hverjum lið var lokið. Þetta varð til þess að skil voru mjög góð og mappan skipulega og vel upp sett.

Í kennslu fornáms á haustönn var áhersla lögð á lestur og ritun. Á vorönninni var að venju lögð áhersla á málfræði, lestur og ritun. Helstu nýjungar fólust í hópavinnu nemenda, nemendur kynntu íslenska tónlistamenn og sögu hljómsveita og verk þeirra. Þeir útbjuggu veggspjöld og gerðu munnlega grein fyrir vinnu sinni. Á vorönn útbjó kennari nokkra vefleiðangra fyrir nemendur þar sem markmiðið var að þeir kynntu sér ákveðið viðfangsefni og nálguðust það út frá ólíkum sjónarhornum t.d. með því að beina athyglinni að ákveðnum stað eða svæði og skoða ljóð, sögur, myndlist, skáld, listamenn og fleira sem tengdist þessu þema.

Í kennslu S hópsins voru aðferðir skapandi skrifa notuð í talsverðum mæli. Þar var hlustað á smásögur og þær lesnar ásamt ljóðum sem nemendur greina og velta fyrir sér. Skáldsagan Dauðarósir var lesin á vorönn, nemendur unnu verkefni úr sögunni og skrifuðu bókmenntaritgerð.

Í íslensku 103 voru litlar breytingar á inntaki og aðferðum en reynt að nota Angel til próftöku. Gekk það stundum brösuglega því netið þoldi ekki álagið, einkum gekk illa með skólatölvurnar sem urðu undir í samkeppninni.

Sú grundvallarbreyting var gerð á fyrirkomulagi í Íslensku 102 og 103 á vorönn að stafsetning var látin gilda 10% af lokaeinkunn. Einnig var ákveðið að fella út kjörbók í íslensku 103, meðal annars á þeim forsendum að Salka Valka væri ærinn texti, bæði mikill og krefjandi.

Í Íslensku 202 fór kennsla að mestu leyti fram með hefðbundnum hætti. Helsta nýbreytni var nemendur áttu þess kost að skila einu verkefni munnlega þ.e. flutningur ritunarverkefnis fyrir hópinn. Það voru ekki margir sem nýttu sér þetta en þau gerðu það með þryði.

Í kennslu áfanganna 212 og 203 var þáttur málsögunnar minnkaður og nemendur þurfa ekki lengur að kaupa kennslubók í málsögu. Kennslubók í goðafræði, Guðirnir okkar gömlu var tekin aftur í notkun. Á næstu önn eru fyrirhugaðar talsverðar breytingar á þessum áföngum og er vinnan við þær komin vel á veg.

Í íslensku 303 hafa hópverkefni í Njálu verið aflögð en þess í stað vinna nemendur einstaklingsverkefni sem þeir skila í möppu þegar vinnu við söguna er lokið. Rósa Marta, kennari í íslensku 303 og 503 kemst svo að orði: „Ég er alltaf að reyna eitthvað nýtt til að örva nemendur til dáða og gera námið lifandi og áhugavert. Mér finnst nauðsynlegt að við leikum okkur eitthvað og þau noti sköpunarmátt sinn t.d. með leiklist og skapandi skrifum. Það sama á við um ÍSL 503.“

Í íslensku 403 voru gömul verkefni um lærdómsöldina tekin fram og aðlöguð nýjum tíma. Síðan héldu nemendur fyrirlestur um sitt efni. Hlustendur þurftu að meta fyrirlesturinn og skila mati sínu. Tekið var mið af matinu þegar einkunn var gefin. Einnig voru búin til ný verkefni fyrir rómantíska tímabilið þar sem nemendur unnu saman í pörum og skiluðu frágengnum í plastmöppu á kennaraborð. Nemendur fengu matsblað með verkefninu þar sem útskýrt var hvað væri mjög gott, gott, sæmilegt, slakt og óviðunandi. Þar kom fram hvað fælist í hverju hugtaki og hvað væru gefin mörg stig fyrir hvert atriði. Nokkur pör tóku mið af matsblaðinu og unnu verkefnið mjög vel. Þörin unnu síðan saman við námsmatið. Hvert þar las 4-6 verkefni frá öðrum nemendum og mat hvert verkefnið samkvæmt matsblaðinu. Þegar einkunnirnar voru teknar saman féllu þær nokkurn veginn að þeirri einkunn sem kennarinn gaf.

Í íslensku 643 sem er valáfangi í bókmenntum [leikritun og bókmenntafræði] var aukin áhersla lögð á skapandi skrif. Allir nemendur áfangans skrifuðu – og endurskrifuðu eftir gagnrýni – örleikrit sem síðan voru sett á svið, í leikstjórn nemenda, víðsvegar um skólann, tvö syningarkvöld 21. og 22. apríl, á örleikritahátíð sem fékk nafnið Kaþarsis.

Kennsla í nýjum áfanga, yndislestri, íslensku 663 hófst á haustönn 2008 undir leiðsögn Katrínar Tryggvadóttur og Ragnhildar Elísabetar Sigfúsdóttur. Þar mættu nemendur aðeins fyrstu vikuna í kennslustund og svo aftur í tvær vikur um mánaðamótin október og nóvember. Þess á milli pöntuðu þeir viðtal hjá kennurum og mættu þegar þeir höfðu eitthvað fram að færa. Nemendur lásu mismikið í áfanganum og misþung skáldverk sem þeir völdu af lista sem kennarar settu saman. Þar var hvert skáldverk verðlagt upp á ákveðið marga punkta. Nemendur áttu að lesa 100 punkta. Það var því nemendanna að velja og setja saman leslista áfangans.

Allir lásu Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson og unnu úr henni verkefni og sáu leikrit um hana. Nemendur völdu sér eina fræðigreina um eitthvert skáldverk sem þeir lásu og gerðu grein fyrir því. Nemendur skrifuðu lesdagbók. Þar voru þeim gefnar nokkuð frjálsar hendur hvort þeir rökту

söguþráð skáldverka, skrifuðu hugleiðingar um persónuleg málefni tengd skáldverkinu eða notfærðu sér fyrirfram gefna punkta til að skrifa eftir. Nemendur lásu mikið, skrifuðu mikið og hugsuðu mikið. Þeir æfðust í að tjá sig, útskýra og setja fram skoðun sína. Þeir lásu flestir bækur sem þeir hefðu ekki að öðrum kosti lesið. Ef þessi áfangi verður kenndur aftur þarf að hafa viðtalstímana lengri. 10 mín nægja ekki. Hver kennari getur annað talsverðum fjölda nemenda í viðtölum. Hugsanlegt er að hafa 30-40 manna hópa og nýta alla þrjár kennslustundir vikunnar til viðtala. Fleiri bækur þurfa að komast inn á leslistann. Einnig er hugsanlegt að nemendur velji sjálfir svo sem eins og 10 punkta til lestrar í samráði við kennarann.

## Námsmat og mat á námsmatsaðferðum

Í símatsáfanganum 102 var útkoman mjög slæm á vorönninni og er það samdóma álit þeirra sem kenndu áfangann að hún hafi aldrei verið verri. Þórunn Jóna, einn þriggja kennara þessa áfanga á vorönn 2009 dregur upp eftirfarandi mynd: „26 nemendur skráðir í áfangann í upphafi annar - 23 nemendur sem byrjuðu; af þessum 23 hættu 6 nemendur á önninni og 6 nemendur sáust sjaldan/aldrei/skrópuðu síðustu vikur (hnipt í umsjónarkennara og stjórnendur en kerfisleg staða þessara nemenda breyttist ekki). Þá eru eftir 11 nemendur sem mættu/skiluðu verkefnum, af þessum 11 náðu 5 nemendur áfanganum. L. Legg til að aftur sé tekið upp lokapróf eins og var forðum tíð og að nemendur geti unnið af sér próftöku í lok annar. Kannski ráð að nemendur komi sér upp ferlimöppu líkt og í erlendum tungumálum þar sem þeir vinna ákveðinn fjölda verkefna og velja sjálfir hluta af þeim til að skila til námsmats. Hafa fjölbreyttara námsmat, ekki alltaf skrifleg skil, afar leiðinlegt til lengdar fyrir nemendur og kennara. Hvað þarf að gera til að nemendur hlakki til að koma í tíma?“

Íslenska103 er símatsáfangi og virðist flestir hraðferðarnemendur ráða vel við það fyrirkomulag. Á vorönn var lokaeinkunn fengin með fjórtán mis viðamiklum verkefnum. Spannaði vægi þeirra frá 3% upp í 13%. Grunnskólanemendurnir standa sig alljafna vel, sýna áhuga og eru vinnusamir. Einstaka nemendur *geta* en *gera ekki*. Er þar einkum átt við ritunarmöppurnar sem nemendum er ætlað að vinna og skila. Huga þarf að leiðum til að draga þá með.

Í íslensku 202 lýsa kennarar yfir ánægju með námsmatið sem er próflaus áfangi, með ritunarmöppum. Þó er of algengt að nemendur skili eða vinni ekki verkefni þó tími sé til í kennslustundum. Telja kennarar áhrifaríkt að koma á skilátímum og umbunarkerfi þar sem ákveðinn tími er ætlaður í verk og nemendur uppskera frí frá kennslustund ef þeir ljúka vinnunni fyrir tilsettan tíma. Heildarnámsmat áfangans byggir á 90% símati og 10% lokaprófi í stafsetningu, sem er nýlunda en eins og áður hefur komið fram í þessari skýrslu var fyrirkomulagi stafsetningar í byrjunaráföngum íslenskunnar breytt á vorönn 2009. Nú eru engar biðeinkunnir gefnar en nemendum vísað í sérstakan stafsetningaráfanga [STA 1912] fái þeir 20 villur eða fleiri á lokaprófi.

Áfangarnir íslenska 212 og 203 eru svokallaðir lokaprófsáfangar þar sem vertareinkunn gildir 50 % af heildareinkunn. Vetrareinkunn áfangans byggði á litlum prófum og verkefnavinnu nemenda. Nemendur sem fá 8 eða hærra í vetrareinkunn mega sleppa lokaprófinu. Það fyrirkomulag gefst vel.

Í íslensku 303 byggir námsmat á 50% annareinkunn og 50% lokapróf. Að mati kennara áfangans mætti sjálfsgt endurskoða þessa hlutfallsskiptingu en flestir eru kennararnir fylgjandi lokaprófum en gera um leið þá kröfu að þau verða að vera afar vel samín. Rósa Marta, kennari í 303 og 503 telur



símat þessara áfanga komið út í öfgar, það sé alltof mikið og dragi úr sköpunarmöguleikum kennarans í kennslustundum.

Í barna- og unglingabókaáfanganum íslenska 343 sem Gísli Skúlason kenndi á vorönn 2009 voru lokaverkefni nemenda óvenjugóð og metnaðarfull. Á þetta einkum við um frumsamið efni fyrir börn, ein stuttmynd, fjórar barnabækur, þó kennari hafi ekki lagt þar mikið af mörkum. Önnin reyndist reyndar of stutt í seinni endann og voru unglingabækurnar og myndasögurnar forsómaðar.

Í íslensku 403 er verkefnavinna mikil og stöðug í kennslustundum, þrjú allstór rannsóknarverkefni og mörg minni. Lítil sem engin „hefðbundin kennsla“ með fyrirlestrahaldi. Angel kennslukerfið er nýtt í botn. Vandamál sköpuðust þegar í ljós kom að nemendum hafði tekist að fjölfalda nokkur próf af Netinu og urðu nokkrir uppvísir að svindli á kaflaprófum, m.a. úr Íslandsklukkunni. Námsárangur frekar slakur í heildina. Allt mun borubrattara á vorönn.

Í íslensku 503 byggir námsmat á 50% verkefnavinnu og 50% skriflegu lokaprófi. Nemendur kvörtuðu undan tíðu símati sem var annars vegar hópverkefni og hins vegar einstaklingspróf. Kennarar eru sammála nemendum um að nauðsynlegt sé að breyta matinu. Lagt er til að símat sé sjaldnar og þá meira lagt undir. Um leið er nemendum gefinn aukinn slaki í vinnu. Einnig er stefnt að því að sjálfsmati nemenda sé beitt í meira mæli. Einnig er lagt til að nemendur geti unnið af sér próftöku í lok annar. Þá er munnlegt próf í Sjálfstæðu fólki heillandi hugmynd.

Í áfanganum 663, yndislestri er beitt símati. Talsverður flótti var úr áfanganum fyrstu vikuna en eftir hana komst á stöðuleiki. Allir nemendur náðu áfanganum og sumir með mjög góðum árangri.

Kennsla í stafsetningu Sta 1912 fer öll fram á vefsvæði Stoðkennarans. Kennsluefnið virkar nokkuð vel þó tæknilegir erfiðleikar geri stundum vart við sig. Felast þeir einkum í því að upplestur er ekki nógu skýr, einstök upplestin orð þykja of þung á stundum, efni sem hefur verið unnið vistast ekki í gagnagrunni og villur sem nemendur stafsetja skrást ekki í gagnagrunn. Stafsetningarpróf í lok áfangans þar sem nemendur mega nota öll tiltæk hjálpargögn tókst vel en það var tekið í gegnum hljóðskrá í Angel. Kennarar áfangans hvetja til slíkra vinnubragða, til dæmis í tungumálanámi.

## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Rósa Marta Guðnadóttir og Gylfi Þorkelsson sóttu námskeið móðurmálskennara á Flúðum í október 2008.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir sótti og lauk námskeiði á M.A.-stigi í íslenskum bókmenntum við H.Í., á haustönn 2008, *Völuspá* undir handleiðslu Vésteins Ólasonar. Þar var rækilega farið yfir *Völuspá* og ýmislegt sem tengist kvæðinu.

Dagana 29. til 31. janúar sóttu Björgvin E. Björgvinsson og Gísli Skúlason námskeið á vegum Nordspråk um barnabókmenntir. Námskeiðið bar yfirskriftina *Þá sporet af nordisk börnelitteratur* og var haldið á Schaeffergården í Kaupmannahöfn. Um efni þess má lesa nánar í næsta tölublaði Skímu, mál gagni móðurmálskennara, þar sem þeir félagar voru fengnir til að útlista upplifunina.

Jón Özur Snorrason sótti og lauk einum áfanga á M.A.-stigi í íslenskum bókmenntum við H.Í., á vorönn 2009, *Smáar sögur* undir handleiðslu Bergljótar Kristjánsdóttur.

Katrín Tryggvadóttir sótti skammdegisfund og vorkund félags móðurmálskennara.

## Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á vorönn 2009 var stuðst við kennslukver í íslensku 102 sem sett var saman af kennurum og innihélt sögur, ljóð og frásagnir. Á haustönninni var hins vegar stuðst við kennslubókina *Kýrhausinn* sem kennarar áfangans lýsa ánægju með.

Í íslensku 203 og 212 var hætt að nota kennslubókina *Íslenska tvö* en *Guðirnir okkar gömlu* voru hins vegar teknir aftur í notkun.

Í íslensku 503 var unnið með hljóðritaðan söng og undirleik við margar íslenskar ljóðaperlur á 20. öld.

Í íslensku 663 voru ný kennslugögn þar sem sá áfangi hefur ekki verið kenndur áður.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Fyrirkomulag kennslu og námsmats í íslensku 102 þarfnast endurskoðunar. Nemendur mæta illa og sinna náminu enn verr. Kennarar telja mikilvægt að byrja áfangann á kennslu í vinnubrögðum, ástundun og stundvísi. Skoða þarf hvort setja eigi inn í áfangalýsingu kröfur um mætingaskyldu og lokapróf. Þá væri hægt að láta þá sem mæta illa taka 100% próf en hina sem mæta eðlilega og sinna námi sínu jafnt og þétt sleppa við lokapróf.

Í íslensku 102 þarf að huga vel að fjölbreytilegum kennsluháttum. Skipta hverri 80 mínútna kennlustund í tvo til þrjá hluta. Draga úr einstefnumiðlun og töflukennslu. Fækka skriflegum verkefnum. Auka þátt uppgötvunarnáms. Veita reglulega umbun fyrir framfarir. Nota krossgátuspilið [á bókasafni] og önnur fræðandi spil og leiki í kennslunni. Þórunn Jóna bendir sérstaklega á tiltækt efni til ljóðakennslu sem hún safnaði saman á kennsluárinu 2007.

Í vinnslu er endurskoðun á námsefni og aðferðum tvíburaáfanganna 203 og 212. Þar er kennt margvíslegt efni og sundurlaust og er það reynsla kennara að áfangann skortir meiri samfellu og heild. Má í því sambandi nefna eftirfarandi viðfangsefni: málsögu, hljóðfræði, orðmyndun, orðhlutagreiningu, norræna goðafræði, heimildaritun ásamt því að lesin er kjörbók og skrifuð kjörbókarritgerð. Áfangarnir hafa því verið teknir til endurskoðunar. Kennsluefnið, aðferðirnar og vinnuferlið hefur verið skilgreint betur og matslistar útbúnir til að hjálpa nemendum að sjá til hvers er ætlast af þeim. Auk þess hefur verið sett saman verkefnahefti í hljóðfræði, málsögu, orðhlutagreiningu og orðmyndun sem nemendur þurfa að kaupa á kostnaðarverði næstkomandi vetur. Ljósritun á kostnað skólans mun því minnka verulega í áfanganum.

Í íslensku 303 er markvisst stefnt að því að taka upp nýja kennslubók Ármanns Jakobssonar á næstu vorönn. Einnig leggja kennarar það til að nemendur kaupi frekar útgáfu Jóns Böðvarssonar af Brennu-Njáls sögu. Rósa Marta Guðnadóttir mun á næsta kennsluári vinna að lokaverkefni sínu til M.A. – prófs í íslenskum bókmenntum. Hún stefnir að því að rannsaka framhaldsskólakennslu á menningararfinum, einkum Eddukvæðum og Íslendingasögum.

Í bigerð er að endurskoða yfirferð námsefnis í íslensku 503. Stefnt er að því að hefja kennsluna á Sjálfstæðu fólki eftir HKL og tengja umfjöllun sögunnar betur við samtímann og strauma og stefnur á 20. öld. Einnig er sú hugmynd uppi að vinna fleiri munnleg verkefni og stærri verkefni sem krefjast

túlkunar og tengingar. Jafnframt þessu er stefnt að því að fækka verkefnum, auka fjölbreytni í námsmati, nýta efni af Netinu og fá nemendur til að njóta þessa mikla skáldverks í meira mæli.

Þá hafa komið fram hugmyndir um að auka heimsóknir rithöfunda í kennslustundir [hér má bæta því við að rithöfundasambandið fær úthlutað ákveðnu fé úr ríkissjóði til þeirra mála]. Einnig er mikilvægt að kennarar hvetji og hjálpi nemendum til að setja saman menningardagskrá þar sem fjallað er um höfunda og verk þeirra – og nemendur flytji eigin skáldskap. [Í þessu sambandi má benda á fyrirbæri eins og Ljóðaslamm – slam poetry].

## Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Hvatt er til meiri, skipulagðari og öflugri hugmyndavinnu innan skólans um nýja námskrá. Lagt er til að skólayfirvöld og kennarar ígrundi vel þær kröfur sem viðtökuskólar og atvinnulíf gera til útskrifaðra framhaldsskólanema. Mikilvægt er að þróun nýrrar skólanámskrár og námsbrauta taki mið af nýrri skipan námsins þar sem rými er og tími fyrir algera uppstokkun á kennsluefni og aðferðum áfanganna. Lagt er til að fjarnám sé notað í miklu meira mæli og dregið úr staðbundinni kennslu. Hvatt er til opinna áfangalýsinga með möguleika á samþættingu námsgreina.

Benda má á að það eru rúmlega þrjátíu ár síðan áfangakerfi framhaldsskólanna ruddi sér til rúms. Í grundvallaratriðum eru áfangar einstakra námsgreina hinir sömu og voru þá. Mikilvægt er að skólayfirvöld og kennarar nýti það tækifæri sem þeim stendur nú til boða með nýjum framhaldsskólalögum og brjóti upp skipulag og skilgreiningar áfanganna og skapi um leið að nýja heildarhugsun: nýjan skóla.

Nauðsynlegt er að koma þeirri skipan á innan skólans að fagkennarar sem stunda nám meðfram kennslu eða fara í námsleyfi fái tækifæri [og um leið umbun] til að segja öðrum frá menntun sinni og reynslu. Í þessu sambandi má minna á velheppnaðar málstofur kennarafélagsins á árum áður þar sem kennarar fluttu erindi og fengu greitt fyrir.

Nauðsynlegt er að minna á veikleika mætingakerfisins á þessum vettvangi og vonast íslenskudeild til þess að fundin verði „lækning“ á því. Skólayfirvöldum eru færðar þakkir fyrir nýju fartölvurnar í vögnum 1 og 2 og lýsir deildin yfir ánægju með staðsetningu þeirra. Fjöltengi þarf að laga á suðurvegg í stofu 204 og koma landkortum í það ástand að hægt sé að nota þau. Einnig kemur fram hugmynd um að halda námskeið í að tvinna saman notkun á Angel og Audacity.

## Annað

Óvenjumargir skráðu sig til náms á Litlahrauni haustið 2008 og hélt góður kjarni nemenda einbeitingu alla haustönnina og helftin úr þeim hópi hélt áfram fram á vor. Tveir nemendur luku meistarskóla íslensku í fyrsta skipti. Tveir luku námi í íslensku 303. Aðrir nemendur luku námi í íslensku 102 og 202. Þó eru óvenjumargir nú búnir með eða langt komnir í íslensku 212 svo næstu annir ættu nokkrir að skila sér í efri áfangana. Einhverjir náðu inn gömlum biðeinkunnum, enda var kennslustjóri á Litlahrauni með vikulegar séræfingar í stafsetningu í vetur. Í heildina náðist því ágætur árangur á Litlahrauni síðastliðinn vetur miðað við fyrri reynslu.

Gísli Skúlason, íslensku og lífsleiknikennari vann í vetur í starfshópi á vegum menntamálaráðuneytis að endurskoðun námskrár í íslensku. Hópin skipuðu auk Gísla Berglind Axelsdóttir úr FSn, Halla Kjartansdóttir úr MS, Ingibjörg Axlesdóttir úr Kvennaskólanum og Sigríður Sigurjónsdóttir úr HÍ. Starfshópurinn skilaði niðurstöðu í byrjun maí 2009.

Félagslíf íslenskukennara hefur verið stopult og tilviljanakennt síðustu árin. Nú er hins vegar stefnt að markvissari vinnubrögðum á þeim vettvangi og hafa þrjár samkomur verið ákveðnar og nefndar á hverju kennsluári: vorljóð að vori, haustljóð að hausti og stafsetningaræfing að vetri.

Gimli, Langanesi, 5. júní 2009,

Jón Özur Snorrason,

kennslustjóri.

### 2.3.3 Erlend tungumál önnur en enska

Nafn kennara:	Áfangi	Hautönn	Vorönn
		Kest. fj.	Kest. fj.
Aðalheiður Jónasdóttir (AJ)	Dan103	12	
	Dan 202		6
	Dan 203	6	12
	Dan U93	6	6
Brynja Ingaðóttir (BI)	Dan102	12	12
	Dan3S3/4S3/5S3/6S3	6	6
	Dan F936	6	
	Pýs103		6
Elísabet Valtýsdóttir (EV)	Dan102	12	6
	Dan 212	6	
	Dan303	6	
	Dan403		6
	Lat103		6
	Dan1S3/2S3	6	6
Ida Løn (IL)	U93	6	
	Dan202	12	12
	Dan212	6	12
Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir (IÓS)	LH	4,8	
	<u>Samtals</u>	106,8	96
Hrefna Clausen (HC)	Fra203	6	
	Fra303	6	6
	Fra403	6	6
	Fra513		4
Vera Ósk Valgarðsdóttir (VV)	Fra103	6	6
	Fra203		6
	Fra503	6	
	<u>Samtals</u>	30	28

Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir Spæ 203			6
Kristinn Björnsson	Spæ 103	6	
	Spæ 203	6	
	Spæ 303	6	6
	Spæ 403		12
Sigursveinn Már Sigurðsson	Spæ 103	6	12
	Spæ 203	6	6
	Spæ 303	12	6
	Spæ 403	6	
	LHr (103,303,403)	4,8	4,6
	<u>Samtals</u>	52,8	52,6
Hannes Stefánsson	Þýs 103	6	
	Þýs 203		6
	Þýs 303	6	
	Þýs 403		6
	Þýs 503		6
Ingi S. Ingason (ISI)	Þýs 203	6	
	Þýs 303		6
	Þýs 403	6	
	<u>Samtals</u>	24	24

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

#### Danska

Miklu meiri áhersla var lögð á tal og hlustun í Dan 202 og 212 en áður hefur verið gert. Bæði var hafður sá hátturinn á að kennarinn tók 5 nem. fram á gang í einu og talaði við nemendur á dönsku. En einnig var tekin upp ný aðferð við að þjálfra tal á önninni: að raða borðum í langborð og láta nem. tala um stund við þann sem situr andspænis og svo róteruðu þeir 4 sinnum. Nem. punkta hjá sér stikkorð á meðan þeir hlusta. Þessi stund gefur nem. líka tækifæri til að hugsa um hvað þeir ætli að segja næst. Gengur mjög vel. Nemendur voru búnir að undirbúa spurningar fyrirfram sem þeir notuðu í samtalinu, og var ánægja nemenda með þetta fyrirkomulag mikil.

Einnig var hafður sá háttur á í þjálfun hlustunar að kennarinn sagði frá ýmsum atburðum eða efnisatriðum á dönsku og nemendur skráðu stikkorð um það sem þau heyrðu. Stundum skrifuðu nemendur í framhaldinu texta á íslensku eða á dönsku um innihaldið eða um efnið út frá sínum sjónarhóli þar sem þeir notuðu stikkorðin sem grind að innihaldinu.

BI og EV héldu svokallaðan matsfund með nemendum sínum í annars vegar Þýs 103 og hins vegar í Dan 403. Matsfundur er umræðuvettvangur þar sem nemendur setjast í hring þar sem orðið gengur tvo til þrjá hringi og nemendur nefna 1 – 3 jákvæð atriði varðandi kennsluhætti eða námsefni í fyrri hring og í síðari hring nefna þeir það sem betur mætti fara. Öll atriði eru skráð af kennara (eða staðgengli hans) og ekki er gert ráð fyrir umræðum fyrir en eftir á, við samantekt efnisins. Mælt er með að utanaðkomandi aðili stjórn matsfundi, en mismunandi hvort heppilegt þyki að kennari sé viðstaddur (sem ritari) eða ekki. Nemendur voru mjög ánægðir með að fá að tjá sig um kennsluhætti í áfanganum.

Í upphafi annar breyttu BI og EV kennsluáætlunum fyrir Dan 102 til þess að skerpa betur á markmiðslýsingum. Einnig var unnið meira að því að tengja saman markmið, kennslu og mat í áfanganum og er það vinna sem mun þróast áfram næstu annir.

Í tengslum við námskeiðið „Að vanda til námsmats“ sem BI og EV sátu allan veturinn var unnið markvissar með möppurnar í Dan 102. M.a. voru notaðir fleiri gátlistar í sjálfsmati sem teknir voru úr Evrópsku tungumálamöppunni. Einnig þróaði EV áfram matskvarða sem notaðir eru við mat á ritun og munnlega frammistöðu, svo og gátlista og matskvarða sem notaðir voru við sjálfsmat og jafningjamat nemenda í Dan 403.

Í Dan 102 var prófað að leggja fyrir svokölluð „svindlpróf“ þar sem nemendur máttu útbúa sér svindlmiða fyrir orðaforðapróf. Það þótti takast vel enda flestir nemendur búnir að búa sig vel undir orðaforðaprófið með því að velja orð fyrir svindlmiðann og skrifa þau á hann.

### **Franska**

Notkun námsmöppu (portfolio) var með skýrari hætti ásamt leiðarbók og sjálfsmati í frönsku 103, 203 og 513 á vorönn. Gerð var hljóðupptaka í formi útvarpsleikrits í 513 þar sem nemendur sömdu sjálfir handritið út frá leik-og spunavinnu með því markmiði að þjálfá beitingu og notkun „eðlilegs“ talmáls úr daglegu lífi. Prófuðum nýjar námsmatsaðferðir s.s. hóppróf og svindlpróf.

### **Spænska**

Sigursveinn hélt áfram að þróa tungumálamöppuna með áherslu á áfangann Spæ 103 á vorönn 2009. Gekk það nokkuð vel, þó ekki hafi mjög stór skref verið tekin. Kennari telur að það hafi skilað sér í bættum námsárangri nemenda áfangans. Sigursveinn hefur einnig haldið áfram að þróa gátlista, matskvarða, notkun ígrundunar og sjálfsmats, jafningjamat og fleira sem hann hefur notað við námsmat spænsku.

### **Þýska**

Tekin var upp námsmappa í þýs 103 og var vægi hennar 10% af heildareinkunn. Mappan var tekin í notkun í tengslum við nám BI í námsmatsfræðum. Í öðrum áföngum voru engar nýjungar.

Nemendur skiluðu hluta verkefna í gegnum Angel líkt og undanfarnar annir hjá undirrituðum.

Á vorönninni var tekinn upp aukinn sveigjanleiki í námsmati eins og fram kemur í kennsluáætlun fyrir ÞÝS 303. Með því að hafa 5 kaflapróf, sem dreifðust yfir önnina, auk hefðbundinna glósuprófa minnkaði aðeins sá tími, sem hægt var að nýta til kennslu. Aftur á móti héldu ýmsir nemendur sig betur að náminu frá upphafi annar en ella hefði e.t.v. verið og losnuðu þannig við skriflegt lokapróf í maí. Ekki nýttist þessi sveigjanleiki þó öllum, eins og sjá má af heildarárangri, en 5 nemendur af 14 náðu ekki einingabærum árangri í áfanganum.

Það er þó mat ISI að tilraunin hafi verið umstangsins virði fyrir allnokkra.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

#### **Danska**

Eftir langa umhugsun var ákveðið að leggja ekki fyrir lokapróf í áfanganum Dan 102, enda höfum við yfir 20 mismunandi mælingar á frammistöðu nemenda. Breytt námsmat kallaði á aukið vægi möppunnar, en við teljum að notkun hennar sé sífellt að verða markvissara í dönskukennslunni.

Í Dan 212 voru fleiri einkunnir þ.e.a.s. fleiri mælingar en áður. Þannig að í þeim áfanga hefði verið hægt að sleppa lokaprófi ef sú ákvörðun hefði verið tekin fyrirfram.

#### **Franska**

Námsmat var frekar hefðbundið. Í FRA103, 203 og 303 er lokapróf en símat í hinum áföngunum. Freistandi er að taka upp símat og meira leiðbeinandi mat í 303 à næstu önn og láta námsmöppu leiða matið meira.

#### **Spænska**

Áfanginn Spæ 403 hefur verið lokaprófslaus síðustu annir. Það hefur gengið ágætlega en hins vegar þyrfti að skoða betur námsmat áfangans.

#### **Þýska**

Lokapróf í öllum áföngum.	103	70 %
	203	60 %
	303	60 %
	403	50 %
	503	30 %

Enginn nemandi fær að sleppa við lokapróf þó að annareinkunn sé góð. Brýnt er fyrir nemendum mikilvægi þess að lesa námsefni annarinnar fyrir lokapróf og fá þar með nauðsynlega upprifjun og heildarmynd námsefnis annarinnar.

Munnlegt próf í öllum áföngum nema 103.

#### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

BI og EV sóttu námskeið í Wikiverkfæri í tungumálanámi 4. – 5. júní 2008. Námskeiðið var 36 stundir.

Í apríl sóttu HC og VV sumarnámskeið Félags frönskukennara sem var haldið að Hótel Heklu. Þar var umræðuefnið innleiðing Evrópurammans í tungumálakennslu *Cadre européen commun de référence pour les langues*. Karl Cogard nýskipaður forstöðumaður Alliance Française á Íslandi stýrði fróðlegu erindi um það efni og á seinni hluta námskeiðis unnu kennarar í nokkrum vinnustofum um ýmis mál sem tengdust m.a. innleiðingu Evrópurammans í frönskukennslu í íslenskum framhaldsskólum, námsmati í framhaldsskólum landsins, frönskum kennslubókum og fl. Námskeiðið var afar vel heppnað og gerðu frönskukennarar góðan róm að því enda má fullyrða að Félag frönskukennara á Íslandi sé afar samstillt, metnaðarfullt og gott fagfélag.

BI og EV sóttu námsstefnuna Drop-in um brotthvarf úr skólakerfinu 9. júní 2008.



BI, EV, SMS og VV hafa setið námskeiðið „Að vanda til námsmats“ í HÍ – Menntavísindasviði - í vetur. Námskeiðið telur 10 einingar og er á MA-stigi.

ISI tók þátt í ETM-samstarfi tungumálakennara í FSu, en sótti engin námskeið utan skólans á skólaárinu. Hins vegar fer hann á Alþjóðþing IDV (Alþjóða þýskukennarasambandsins) í Weimar og Jena í ágústbyrjun 2009 og tekur þar þátt í vinnustofum og seminárum dagana 2. – 9. ágúst.

KB stundaði kennsluréttindanámskeið allan veturinn.

Planað síðvetrarnámskeið í Reykjavík fyrir þýskukennara féll niður vegna veikinda og því fór HS ekki á námskeið.

## **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

### **Danska**

Í Dan 203 var lesin ný skáldsaga eftir Söru Blædel: De kalder mig prinsesse.

Meiri tónlist var kynnt í Dan 202 og 212 og unnið með tungumálið út frá lögunum. Í Dan 303 og 403 taka nemendur talsvert mikinn þátt í að velja námsefni, þannig að það er síbreytilegt á milli anna.

### **Franska**

Sömu kennslubækur og undanfarnar annir. Hugmynd VV og HC um að taka upp nýja kennslubók, það er að segja nýja útgáfu af **Taxi** sem notuð hefur verið undanfarnar ár, hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna efnahagsástands.

### **Spænska**

Engar nýjar kennslubækur hafa verið teknar í notkun á árinu, hinsvegar hafa kennarar haldið áfram með þróun svokallaðra vinnuhefta sem nemendur fá á önninni.

### **Þýska**

Endurvakin var skáldsagan **Er hieß Jan** í Þýs 503, hafði áður verið notuð í 403.

## **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

### **Danska**

Kennarar ætla að endurskoða námsmat í áföngunum og hugsanlega sleppa lokaprófum í fleiri áföngum en Dan 102, enda erum við með fjölbreytt mat og margar einkunnir fyrir hvern nemanda. Við ætlum okkur að auka leiðsagnarmat hjá okkur til þess að hjálpa einkum minna sterkum nemendum að bæta námsárangur sinn.

Stefnt er að því að kennarar auki vægi hlustunar og tals í kennslu og mati. Æskilegast er að nemendur þjálfal tal og hlustun í hverjum tíma og stefnt verður að því að það markmið náist. Fleiri kennarar munu taka upp aðferð Idu við að taka nemendur fram á gang einn og einn og tala við þá þar.

Einnig munum við nota texta sem unnið hefur verið með í tíma og endursegja hann á dönsku og biðja nemendur um að skrifa stikkorð um leið og þeir hlusta. Helst verður að láta nemendur skrifa texta eftir á þar sem þeir nota stikkorðin sín.

Við gerum ráð fyrir að lögð verði meiri áhersla á leiðsagnarmat í U, F og S áföngum.

### **Þýska**

ISI sótti fund FP (Félags þýskukennara) í apríl sl. þar sem kynnt var reynsla af nýju námsefni í byrjendaáföngunum. Ljóst er, að allnokkrir skólar á landinu munu taka upp námsefnið **Lagune** í stað bókanna Þýska fyrir þig, en áhöld eru um gæði þessa nýja efnis.

Þar eð óvíst er um áframhaldandi þýskukennslu ISI við FSu mun hann ekki taka afstöðu til breytinga varðandi fyrrgreint námsefni.

Skv. síðastnefndu gerir ISI því ekki neinar tillögur að starfsáætlun varðandi þýskukennslu við FSu fyrir næsta skólaár að svo komnu máli. Verði honum hins vegar falin einhver þýskukennsla mun að

sjálfsögðu koma til ítarlegrar starfsáætlunar í viðkomandi áfanga/áföngum.

Leit er hafin að arftaka **Þýska fyrir þig** –námssefnisins. Nýtt efni verður innleitt í fyrsta lagi á næstu vorönn.

Haldið verður áfram að skoða mismunandi námsmatsaðferðir.

Munnlegt próf verður hugsanlega tekið upp í 103.

Fjölga þarf hlustunar- og talæfingum.

### **Öll tungumál**

Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu við innleiðingu ETM í áföngum tungumálanna.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Umsjónarkennarar fornámsnemenda séu valdir úr hópi þeirra kennara sem kenna þeim og séu hver um sig með ekki fleiri en 6 – 8 nemendur í sínum hópi.

Kennarar setji meira af prófum inn í Angel. Dönskukennarar ætla að reyna að láta nemendur taka fleiri próf í Angel en hingað til hefur verið gert, m.a. úr skáldsögum. Þeir hafa t.d. verið með krossapróf úr skáldsögum sem hjá sumum kennurum hafa verið á pappír og öðrum í Angel, en lokaprófið hefur alltaf verið á pappír.

Nauðsynlegt að skólayfirvöld beiti sér fyrir því að haldin séu fyrirlestrar, kynningar og námskeið um mismunandi námsmatsaðferðir. Ljóst er að við FSu eru mjög mismunandi áherslur í námsmati og þáttur námsmats í hverjum áfanga mismikið. Þannig verður vinnuálag í áföngunum mismikið og námsmat misáreiðanlegt, ekki síst þar sem um er að ræða örfá krossapróf sem eiga að mæla þekkingu úr öllu námsefni heillar annar.

Varðandi úrbætur, sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir, sér ISI helst afturhvarf til 60 mínútna kennslustundanna, enda henta þær betur til tungumálanáms en færri en lengri kennslustundir. Vonast er til að hægt verði að efna til Þýskalandsferðar með nemendur ef efnahagsástandið leyfir.

### **Annað**

Nemendum fækkar í þýsku en hlutfall þeirra nemenda sem ná góðum árangri lækkar ekki umtalsvert. Námskröfur teljast óbreyttar.